



SAMTÖK
IÐNAÐARINS



ÁRSSKÝRSLA

1999 / 2000

**ÁRSSKÝRSLA
SAMTAKA IÐNAÐARINS
1999-2000**



EFNISYFIRLIT

Ársreikningar

Rekstrarreikningur fyrir árið 1999 og áætlun 2000
Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Starfsskilyrði iðnaðar

Starfsskilyrði iðnaðar
Efnahagsmál
Nýsköpun og þróunarmál

Alþjóðlegir samningar og samstarf

Norrænt samstarf
Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu – UNICE
Ráðgjafarnefndir EFTA og EES
Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB

Starfsgreinahópar

Mannvirkjagerð
Verkfæraíðnaður
Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður
Málmiðnaður
Matvæla- og fóðuriðnaður
Prent- og pappírsiðnaður
Rafeinda- og upplýsingatækniíðnaður
Stóriðja
Þjónustuiðnaður

Þjónusta og þróun

Markaðs- og kynningarmál
Nýsköpun og þróunarmál
Gæðamál
Staðlamál
Menntamál
Almenn lögfræðiþjónusta
Orkumál – efnaiðnaður
Umhverfismál

Skrifstofa innri þjónusta

Helstu fundir Samtaka iðnaðarins
Starfsmannahald
Útgáfu- og upplýsingastarf
Nýir félagsmenn í SI
Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi
Skipurit og starfsmenn SI

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins
í stjórnnum og nefndum
Skrá yfir helstu lög og lagabreytingar 1999
er varða iðnaðinn

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík.
Sími: 511 5555, fax: 511 5566, www.si.is, e-mail: mottaka@si.is
Umbrot: Samtök iðnaðarins • Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir
Prentvinnsla: Prenttækni hf. • Litgreining: Prentmyndastofan

STJÓRN SAMTAKA IÐNAÐARINS

Fremri röð frá vinstri:

Varaformaður SI:

Örn Jóhannsson
Morgunblaðið Árvakur hf.

Formaður SI:

Haraldur Sumarliðason
Byggingameistari

Vilmundur Jósefsson

Gæðafæði ehf.

Á myndina vantar

Geir A. Gunnlaugsson, ritara stjórnar SI

Aftari röð frá vinstri:

Jón Albert Kristinsson

Myllan-Brauð hf.

Friðrik Andrésson

Múrarameistarafélag Reykjavíkur

Helgi Magnússon

Harpa hf.

Eiður Haraldsson

Háfell ehf.

Sveinn Hannesson

framkvæmdastjóri SI



BREYTT UMHVERFI – NÝ VERKEFNI



Ágæti lesandi

Á undanförnum árum hefur mikil uppbygging átt sér stað í íslenskum iðnaði. Ný og áhugaverð störf hafa orðið til í tæknivæddum fyrirtækjum. Margar greinar iðnaðar eru að breytast úr hefðbundnu handverki í háþróaðar tæknigreinar sem gera allt aðrar kröfur en áður var til þeirra sem þar starfa. Samtök iðnaðarins vilja styðja þessar breytingar sem m.a. gera kröfu um meiri og betri menntun starfsmanna. Þess vegna hafa þau gengist fyrir starfsemi menntastofnana iðnaðarins undanfarin ár. Nú hafa Samtökin, ásamt fleirum, í undirbúningi að taka að sér rekstur Tækniskóla Íslands til að gera hann aðgengilegri fyrir ungt fólk og þróa hann enn frekar en orðið er að þörfum atvinnulífsins. Við höfum einnig lagt fram hugmyndir um samvinnu við aðrar menntastofnanir til að efla verk- og tæknimenntun í landinu.

Þrátt fyrir velgengni í atvinnulífinu að undanförunu eru vissulega blikur á lofti. Samtök iðnaðarins hafa nú á þriðja ár varað við afleiðingum vaxandi viðskiptahalla og þenslu í efnahagslífinu. Gamalkunnar afleiðingar þessa eru nú að koma í ljós m.a. með minnkandi markaðshlutdeild innlendra fyrirtækja. Við þessu verður að bregðast. Koma verður í veg fyrir að hið mikla uppbyggingarstarf, sem unnið hefur verið í iðnaðinum á undanförunum árum, verði að engu gert með enn einni efnahagslegri kollsteypu.

Fyrir rúmum sex árum voru Samtök iðnaðarins stofnuð með samruna flestra samtaka sem þá voru starfandi í iðnaði hér á landi. Ég held að flestir séu sammála um að stofnun Samtakanna var eðlilegt framhald þeirrar þróunar sem orðið hafði enda höfðu baráttumál einstakra samtaka orðið æ keimlíkari vegna breytinga á ytri aðstæðum. Með sama hætti töldu Samtök iðnaðarins að skilgreina þyrfti betur starfsemi heildarsamtaka atvinnurekenda á landinu og gera hana markvissari. Þess vegna lögðu þau fram tillögur um breytingar á VSÍ sem nú hafa leitt til stofnunar Samtaka atvinnulífsins. Þessum breytingum er ætlað að gera starfið öflugra og verkaskiptingu skýrari og draga um leið úr þeim kostnaði sem fyrirtækin hafa af haðsmunagæslunni.

Í þeirri skýrslu, sem hér birtist, er dregið á helstu mál sem fjallað hefur verið um hjá Samtökum iðnaðarins á liðnu starfsári. Þótt ekki sé hægt að fjalla ýtarlega um hvern málaflokk í slíkri skýrslu er ljóst að starfið hefur verið kraftmiklið. Hitt blasir líka við að þrátt fyrir breyttar aðstæður er mikil þörf fyrir þessa starfsemi til að styðja við og þjóna iðnaðinum í landinu. Á þessu er vaxandi skilningur sem sést m.a. á þeirri miklu fjölgun fyrirtækja sem gengið hafa til liðs við Samtökin að undanförunu.

Ágæti lesandi. Ég hef nú verið formaður Samtaka iðnaðarins frá stofnun þeirra og læt nú af því starfi. Þetta hefur verið mér einkar ánægjulegur tími og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka félagsmönnum, starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrir góða og trausta samvinnu þessi ár og óska þeim og Samtökum iðnaðarins velfarnaðar í framtíðinni.

Haraldur Sumarliðason

formaður Samtaka iðnaðarins

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1999 OG ÁÆTLUN 2000

	1999	Áætlun 2000 þús. kr.
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld.....	66.107.534	64.000
Iðnaðarmálagjald	146.895.210	149.000
Aðrar tekjur.....	32.321.730	39.230
Rekstrartekjur samtals	245.324.474	252.230
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld.....	94.627.562	101.140
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	23.281.471	25.080
Fundir, ráðstefnur og önnur samskipti.....	20.460.384	24.540
Kynningarstarfsemi	30.784.160	40.550
Útgáfa	7.192.220	10.250
Útibú og sérverkefni	27.644.223	26.500
	203.990.020	228.060
Afskriftir fastafjármuna	7.466.063	9.000
Rekstrargjöld samtals	211.456.083	237.060
Rekstrarhagnaður	33.868.391	15.170
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	1.170.032	2.000
Arður.....	11.388.108	14.500
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(3.479.216)	(-2.500)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(942.621)	(-2.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8.136.303	12.000
Aðrar tekjur:		
Söluhagnaður.....	19.808.319	0
Aðrar tekjur	19.808.319	0
Hagnaður ársins	61.813.013	27.170

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka iðnaðarins fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í aðalatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu

hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Samtaka iðnaðarins á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög Samtakanna og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. febrúar 2000
DFK Endurskoðun



Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1999

	31.12.1999	31.12.1998 þús. kr.
Eignir:		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Hlutabréf	134.130.599	163.183
Skuldabréf	<u>57.560.346</u>	<u>163.183</u>
	191.690.945	
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Húsfélagið Hallveigarstíg 1	116.893.491	98.911
Áhöld, innréttingar, bifreið	<u>23.480.843</u>	<u>21.177</u>
	140.374.334	120.088
Fastafjármunir samtals	<u>332.065.279</u>	<u>283.271</u>
Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	14.800.479	15.607
Útistandandi tekjur	31.465.580	27.583
Iðnaðarmálagjald	26.422.210	19.896
Víxlar og skuldabréf	3.146.043	3.446
Aðrar skammtímakröfur	<u>16.131.341</u>	<u>10.619</u>
Veltufjármunir samtals	<u>91.965.653</u>	<u>77.151</u>
Eignir samtals	<u>424.030.932</u>	<u>360.422</u>
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé		
Stofnfé	175.582.496	175.582
Annað eigið fé	<u>193.505.385</u>	<u>102.033</u>
Eigið fé samtals	<u>369.087.881</u>	<u>277.615</u>
Langtímaskuldir:		
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins	26.666.668	40.000
Næsta árs afborganir	<u>(13.333.334)</u>	<u>(13.333)</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>13.333.334</u>	<u>26.667</u>
Skammtímaskuldir:		
Ógreidd rekstrargjöld	14.014.388	13.035
Samþykktir víxlar	14.261.995	11.347
Ógreitt vegna fasteignakaupa	0	18.425
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>13.333.334</u>	<u>13.333</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>41.609.717</u>	<u>56.140</u>
Skuldir samtals	<u>54.943.051</u>	<u>82.807</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>424.030.932</u>	<u>360.422</u>

STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

Starfsskilyrði iðnaðarins ráðast af fjölmörgum þáttum og starf SI snýst að verulegu leyti um að reyna sífellt að bæta þau og lagfæra. Þar skiptir miklu máli starf sem lýtur að samskiptum við Alþingi, ráðherra og embættismenn. Sem dæmi má taka að SI fá til umsagnar fjölmörg lagafrumvörp á hverju ári. Ótal fundir eru haldnir með starfsmönnum ráðuneyta og stofnana til þess að ræða einstök mál. SI eiga fulltrúa í fjölmörgum nefndum, ráðum og stjórnnum þar sem reynt er að þoka hagsmunamálum iðnaðarins áleiðis. Þá hefur sú venja komist á að forsvarsmenn SI hitta iðnaðarráðherra á reglulegum fundum einu sinni í mánuði til þess ræða þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni í starfsskilyrðum iðnaðarins.

FJÖLBREYTT VIÐFANGSEFNI

Hér verða nefnd örfá dæmi, nánast af handahófi, um mál sem SI hafa látið sig varða á sl. starfsári. Sumum þeirra eru gerð ýtarlegri skil annars staðar í ársskýrslunni.

Á sviði **útboðsmála** hafa SI tekið þátt í nefndarstarfi um endurskoðun útboðsлага, beitt sér fyrir lengingu verktíma og jafnari dreifingu útboða hins opinbera. Þau hafa beitt sér fyrir því að við stórframkvæmdir, s.s. við virkjanir, sé þess gætt að skipta verkþáttum þannig að íslenskir verktakar eigi þess kost að bjóða í einstaka þætti.

Hross fyrir snakk. Samtök iðnaðarins brugðust hart við þegar íslenskum stjórnvöldum datt sú fásinna í hug að greiða fyrir niðurfellingu tolla í Noregi af íslenskum hrossum með því að fella niður tolla af innfluttu snakki frá Noregi og láta þar með tvö lítil íslensk iðnfyrirtæki greiða þann herkostnað. Öllum alþingismönnum var ritað vegna málsins og mótmæli send ráðherra.

Atvinnuréttindi útlendinga voru í deiglu á síðasta ári. Samtök iðnaðarins hafa lagt fram tillögur til breytinga sem nú er verið að útfæra í félagsmálaráðuneytinu. Ná þær fram að ganga verður tryggt að ekki séu fluttir inn hópar manna frá löndum utan EES-svæðisins til þess að vinna verk sem nægur innlendir mannafla er fær um að vinna. Einnig vilja Samtökin samræma forsendur leyfisveitinga og koma þeim á eina hönd í stjórnkerfinu.

Skattlagning valréttarsamninga vegna hlutabréfa er eitt þeirra mála sem SI hafa vakið athygli á og sett fram tillögur um og kynnt í fjármálaráðuneytinu.

Á sviði **menntamála** hefur tækni-menntun og staða Tækniskólans verið í brennidepli að frumkvæði SI og standa nú yfir viðræður við menntamálaráðherra um að SI, ásamt ASÍ og Tæknifræðingafélaginu, taki þessi mál í sínar hendur.

Samtök iðnaðarins hafa lagt áherslu á að ná fram breytingum á **skipulags- og byggingarlögum** og átt um það fjölmarga fundi með umhverfisráðuneyti og er útlit fyrir að þar takist að ná fram breytingum á næstunni. Samtökin hafa einnig tekið virkan þátt í umfjöllun um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu.

Viðskiptahættir á matvælamarkaði eru meðal þeirra mála sem SI hafa tekið upp við samkeppnisstofnun og iðnaðarráðherra. Samtökin telja að sú fákeppni, sem þar er orðin meðal verslanakeðja, leiði til óeðlilegra viðskiptahátta sem bitna á íslenskum framleiðendum sem og neytendum. Von er á úttekt á þessum málum á næstu vikum frá samkeppnisyfirlöndum.

Einkaleyfi, prófanir og vottanir af ýmsu tagi valda litlum iðnfyrirtækjum verulegum vandræðum. Sam-

tökin hafa reynt að leiðbeina eftir mætti og um leið unnið að því að skapa þessum málum sérstakan farveg í samvinnu við iðnaðarráðuneytið.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS-SA



Frumkvæðið að þeim skipulagsbreytingum, sem leiddu til stofnunar Samtaka atvinnulífsins, kom frá Samtökum iðnaðarins og byggðust á niðurstöðum fundar í ráðgjafaráði SI sem haldinn var byrjun júní 1997. Miklar vonir eru bundnar við að SA verði öflugt baráttutæki fyrir bættum starfsskilyrðum alls atvinnulífs í landinu.

Hin nýja skipan skapar tækifæri til nýrrar og betri verkaskiptingar þar sem tiltölulega fá en öflug aðildarsamtök hafa annars vegar bolmagn til þess að taka þátt í sameiginlegri stefnumótun íslenskra atvinnurekenda innan SA en eiga hins vegar að geta veitt eigin félagsmönnum meiri og betri þjónustu en áður, hvert á sínu sér sviði. Meiri jöfnuður verður milli aðila hvað varðar iðgjaldagreiðslur og mun það leiða til verulegrar lækkunar á greiðslum iðnaðarins til SA frá því sem áður var til VSÍ.

HAFNAMÁL

Samtök iðnaðarins sendu Samkeppnisstofnun erindi um mitt ár 1998 og óskuðu eftir athugun á því hvort ákvæði hafnalaga stríddu gegn markmiðum samkeppnislaga og torvelduðu þar með frjálsa samkeppni. Athugasemdir voru einkum gerðar við að ein samræmd gjaldskrá gildir fyrir allar hafnir í landinu. Þjónustugjöld hafnanna eru ekki í samræmi við tilkostnað, gjaldskráin mismunar vörutegundum og atvinnugreinum og að síðustu voru gerðar athugasemdir við

skattlagningu og millifærslur milli hafna.

Erindi Samtakanna hratt af stað mikilli nefndavinnu á vegum samgönguráðuneytisins og var skilað áfangaskýrslu í september 1999. Í skýrslunni er tekið undir flest sjónarmið Samtaka iðnaðarins og sömuleiðis í álitni samkeppnisráðs frá því í desember 1999. Nú hefur verið skipuð nefnd til þess að semja lagafrumvarp um nýskipan hafnamála á Íslandi og verður fróðlegt að sjá hvernig þessu máli lyktar.

SAMKEPPNISLÖG

Að frumkvæði SI óskuðu þau ásamt Verslunarráði og VSÍ eftir því við iðnaðar- og viðskiptaráðherra vorið 1998 að nefnd yrði skipuð til þess að gera tillögur um endurskoðun samkeppnislaga. Í nóvember 1998 skipaði ráðherrann nefnd til þess að meta hvort breytingar á viðskiptaumhverfi íslensks atvinnulífs kalli á endurskoðun á samkeppnisákvæðum samkeppnislaga. Nefndin var skipuð 14 mönnum og setti það mark sitt á störf nefndarinnar. Niðurstaðan varð sú að ekki var gerð tilraun til að skila sameigin-

legu álitni til ráðherra þegar nefndin lauk störfum í nóvember 1999. Allir nefndarmenn voru þó sammála um að gera þyrfti breytingar. Fulltrúi Samtaka iðnaðarins skilaði sameiginlegu álitni með fjórum öðrum nefndarmönnum og lagði til verulegar breytingar á lögnum sem ganga í þá átt að skerpa reglur að því er varðar misnotkun á ráðandi stöðu. Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu hefur verið unnið að samningu frumvarps sem lagt verður fyrir vorþing 2000 og verður spennandi að fylgjast með hver verða afdrif tillagna SI.

EFNAHAGSMÁL

Hagvöxtur hefur verið mikill á Íslandi undanfarnin ár bæði í sögulegu samhengi og á alþjóðlegan mælikvarða. Atvinnuleysi hefur farið hratt minnkandi og er nú svo komið að það er vart hægt að merkja í íslensku atvinnulífi. Kaupmáttur launa hefur aukist svo mjög samhlíða þessu hagvaxtarskeiði að slíks eru fá dæmi í sögu íslenska lýðveldisins.

Hagvöxtur síðustu ára skýrist að mestu af auknu frjálsræði, almennari leikreglum og öðru sem bætt hefur umhverfi fyrirtækjarekstrar


hér á landi. Greinar, sem um langt árabil hafa liðið hvað mest fyrir aðstöðuskort hér á landi, hafa drifið vöxt hagkerfisins síðustu ár. Mikil hluti hagvaxtarins á tímabilinu 1996 til 1999 átti rætur í iðnaði og þjónustu.

Á yfirborðinu hefur efnahagsþróun síðustu ára verið hagstæð. Þegar nánar er að gáð má greina dekkri mynd í þróuninni. Ýmislegt bendir til þess að hagkerfið hafi á undanfórnum árum vaxið talsvert umfram það sem forsendur voru fyrir. Verðbólgan er farin að láta á sér kræla

að nýju þrátt fyrir ítrekaðar vaxtahækkningar Seðlabanka Íslands. Miklar innlendar kostnaðarhækkningar hafa vegið að samkeppnisstöðu þeirra íslensku fyrirtækja sem eru í hvað virkastri samkeppni við erlenda aðila. Viðskiptahallinn er orðinn varanlegur og uggvænlegur.


Samtök iðnaðarins hafa ítrekað varað við þessari þróun. Má rekja þau varnarorð aftur til ársins 1997. Á blaðamannafundi í nóvember það ár greindu Samtökin frá áhyggjum sínum af yfirvofandi þensluhættu og beindu þeim tilmælum til stjórnvalda að þau gripu til viðeigandi aðgerða. „Við höfum spennt bogann af hátt. Kostnaður atvinnulífsins hefur aukist og samkeppnisstaðan er að versna. Við viljum ekki gengisfellingur heldur vinna okkur út úr vandanum og standa við kjarasamninga án þess að atvinnuleysi aukist. Til þess þurfa stjórnvöld að vinna með okkur en ekki á móti,“ sagði Haraldur Sumarliðason, formaður Samtakanna á fundinum. Í álitni, sem Samtökin sendu frá sér í tilefni fundarins, var lagt til að aðhald yrði

Hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti 1996-1999



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Meiri verðbólga en erlendir keppinautar búa við



Heimild: Seðlabanki Íslands

aukið hjá ríki og sveitarfélögum svo að forða mætti hagkerfinu frá því að ofhitna.

Þegar litið er yfir árin 1998 og 1999 sést að varnarorð Samtakanna voru í tíma töluð og áttu fullan rétt á sér. Verðbólgan hefur vaxið úr því að vera viðlíka því sem hún er í viðskiptalöndunum í að vera þrefalt til fjórfalt meiri. Munur innlendra og erlendra vaxta hefur aukist til muna á sama tíma og eru innlendir vextir nú meira en tvöfalt hærri en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Laun hafa hækkað langt umfram framleiðni- aukningu vinnuafllsins, arðsemi fyrirtækja í samkeppnisgreininum hefur dregist saman og markaðs- hlutdeild þeirra minnkað.

EITT AÐALBARÁTTUMÁL SAMTAKANNA

Margt hafa SI látið frá sér fara í ræðu og riti um þensluhættu og viðbrögð við henni frá því að blaðamannafundurinn var haldinn árið 1997. Má taka dæmi af leiðurum í hinu mánaðarlega fréttabréfi Samtakanna allt frá seinni hluta árs 1997 til þessa árs 2000 en þá fjallaði ríflega einn af hverjum fimm þeirra um þetta mál. Dæmið lýsir því að viðbrögð opinberra aðila við

þensluhættunni hafa verið eitt mikilvægasta baráttumál Samtakanna undanfarin misseri.

Í janúar sl. létu Samtökin enn og aftur í sér heyra um þessa alvarlegu stöðu og boðuðu þá til blaðamannafundar undir yfirskriftinni „Þenslan ryður iðnaði úr landi.“

Í fréttatilkynningu, sem lögð var fram á fundinum, segir að miklar innlendar kostnaðarhækkningar um þessar mundir minnki markaðs- hlutdeild innlendra fyrirtækja og framleiðslan færir í hendur erlendra aðila. Helstu orsökina telja Samtökin vera þá að stjórnvöld hafa ekki staðið sig í hagstjórninni. Þetta birtist m.a. í mikilli fjölgun opin-


berra starfsmanna og launahækkunum til þeirra langt umfram almennan vinnumarkað. Stjórnvöld þurfa að beita ýtrasta aðhaldi um þessar mundir. Nýsköpun og varanlegur hagvöxtur eru í húfi.

Á árunum 1995 til 1999 hækkaði kostnaður við framleiðslu hér á landi rösklega tvöfalt hraðar en ytra. Mestu munar þar um ríflegar innlendar launahækkningar og vaxandi verðbólgu. Á áðurnefndum tíma hækkuðu laun í framleiðslu hér á landi um tæp 29% en um 12% í iðnríkjunum. Ber þetta vott um þenslu á innlendum markaði.

Til að verja markaðsstöðu sína hafa fyrirtækin tekið á sig hækkningar og hagrætt eftir megni. Könnun SI á afkomuþróun fyrirtækja í greininni sýnir að afkoman er að versna bæði í krónum talið og sem hlutfall af tekjum. Hagræðing og afkomu- skerðing hefur hins vegar ekki dugað til. Íslenskar vörur hafa undanfarið hækkað meira en erlendar.

Í óformlegri símakönnun SI í nóvember sl. voru stjórnendur þrjátíu framleiðslufyrirtækja spurðir: „Telur þú að launahækkningar á þessu og síðasta ári hafi vegið að samkeppnisstöðu fyrirtækisins gagnvart erlendum keppinautum.“ 97%

Seðlabankinn hefur hækkað vexti til að halda verðbólgunni niðri



Heimild: Seðlabanki Íslands

svöruðu játandi. Einnig voru stjórnendurnir spurðir hvort þeir teldu að þetta hefði skert afkomu þeirra og markaðshlutdeild. Mikill meirihluti svaraði því einnig játandi.

Að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur samkeppnisstaða íslenskrar framleiðslu ekki verið verri gagnvart erlendri í yfir tvo áratugi. eru þá undanskilin árin 1987 og 1988 en efnahagsmistök þeirra ára leiddu til mikillar efnahagslæggðar fyrstu ár tunda áratugarins.


„Þeir, sem læra ekki af reynslunni, eru dæmdir til að endurtaka eigin mistök,“ segir Sveinn Hannesson í forystugrein Íslensks iðnaðar í júní 1998 er hann fjallar um hvernig Íslendingar geti treint sér góðærið. Takist að koma okkur klakklaut í gegnum þetta góðæri, verður það í fyrsta sinn sem slíkt tekst í rúmlega fimm áratuga sögu íslenska lýðveldisins. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér eins og reynslan sýnir.

SPJÓTIN BEINAST AÐ STJÓRNVÖLDUM

Til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu telja SI brýnt að ríki og sveitarfélög auki aðhald í útgjöldum. Einnig er nauðsynlegt að beita öllum tiltækum ráðum til að auka framleiðni fyrirtækja hér á landi. Síðast en ekki síst telja þau að gera þurfi hóflega kjarasamninga. Gangi þetta ekki eftir er þeirri kaupmáttaráukningu sem náðst hefur hér á landi á síðustu árum stefnt í hættu.

„Við óttumst núna virkilega hvað framundan er í kjaramálum. Það er enginn vafi á – og það vita allir sem vilja vita – að þær aðgerðir sem orðið hafa hjá opinberum aðilum á þeim vettvangi spenna væntanlega kjarasamninga alveg gífurlega upp,“ sagði Haraldur Sumarliðason á áðurnefndum blaðamannafundi Sam-

Laun hækka hraðar en hjá erlendum keppinautum



Heimild: Kjararannsóknarnefnd og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn

takanna í janúar síðastliðnum. „Það tíðkast tæpast í öðrum löndum að hið opinbera leiði launastefnu og launahækkanir langt umfram það sem samkeppnisgreinarinnar þola. En hérlendis hafa launahækkanir í opinbera geiranum ekki verið í neinum takti við það sem er að gerast á almenna markaðinum. Og við skulum ekki láta okkur detta í hug að það hafi ekki áhrif á almenna markaðinum,“ sagði Haraldur. Framgangi hins opinbera í launamálum undanfarið er alvarleg aðförl að stöðugleikanum, atvinnulífinu og forsendum þess að góðærið vari.

FRAMLEIÐNIAUKNING FORSENA KJARABÓTA


„Launahækkanir umfram framleiðniaukningu eru bara innistæðulausar ávísanir sem eru leystar út með verðbólgu. Heimilin í landinu skulda nú orðið 140% árstekna. Ef við borgum þessu fólki núna út launahækkanir með innistæðulausum ávísunum þá hækka skuldirnar meira heldur en tekjurnar þannig að kaupmátturinn minnkar og við viljum ekki leiða starfsmenn okkar í þá stöðu,“ sagði Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI á fundinum.

Á fundinum benti Ingólfur Bender, hagfræðingur SI, á að í húfi væri markaðshlutdeild og arðsemi þeirra fyrirtækja sem eru í hvað virkasti samkeppi við erlenda aðila; uppbyggingarstarf innan greinarinnar og í tengdri starfsemi taki afar langan tíma eftir áföll; starfsemi sem gæti skapað Íslendingum verðmæti langt inn í nýja öld en hrökklast úr landi við núverandi aðstæður. „Í húfi er það traust sem þarf til að fjárfesta hér í nýsköpun í framtíðinni. Fjárfestar, sem sjá að hér á landi er rekstargrundvelli kippt undan iðnaðinum á tíu ára fresti, sjá sér auðvitað þann kost vænstan að fjárfesta annars staðar. Því eru forsendur varanlegs hagvaxtar í húfi,“ sagði Ingólfur.

BÆTUM LÍFSKJÖRIN

Bætt starfsskilyrði fyrirtækja eru lykillinn að bættum lífskjörum þjóðarinnar. Samtök iðnaðarins hafa verið iðin við að benda á þetta. Liður í því hefur verið útgáfa Samtakanna á tveimur ritum á jafnmörgum árum um starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi. Hið fyrra var gefið út 1998 í samvinnu við Iðn- og atvinnurekendasmöt Evrópu (UNICE) og Vinnuveitendasamband

Samkeppnisstaðan vart verri í yfir tvo áratugi að mati OECD



Heimild: OECD

Íslands. Hið síðara, sem ber nafnið „Starfsskilyrði frumkvöðla á Íslandi,“ var unnið í samvinnu við UNICE.

Í formála síðara ritsins, sem Haraldur Sumarliðason skrifar, segir að það eigi að vera forgangsverkefni stjórnvalda að móta starfsskilyrði sem virkja frumkvæði einstaklingsins. Önnur lönd Evrópu sem og Bandaríkin eru eðlileg viðmið í þessum efnum. Í Bandaríkjunum eru umsvif frumkvöðla mikil enda frumkvæði einstaklingsins búinn sveigjanlegur og virkur markaður fyrir vöru, þjónustu, fjármagn og vinnuafli. Umfang hins opinbera er lítið og skattbyrðin létt. Í mörgum, ef ekki allflestum löndum Evrópu, er þessu öfugt farið. Þar eru umsvif

frumkvöðla lítil enda markaðir lítt sveigjanlegir, umsvif hins opinbera mikil og skattbyrði þung. Frumkvæði einstaklingsins fær ekki notið sín í Evrópu að því

marki sem það gerir í Bandaríkjunum. Samanburðurinn gefur vísendingu um hverju stjórnvöld í Evrópu þurfa að breyta.

Flestir mælikvarðar benda til þess að frumkvæði einstaklingsins fái síður notið sín hér á landi en í Bandaríkjunum. Ein meginástaðan er sú að starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi hvetja einstaklinga síður til athafna en í Bandaríkjunum. Sveinn Hannesson bendir á þetta í inngangi ritsins og leggur í stórum dráttum til fernt til að bæta stöðu þjóðarinnar: Draga úr umsvifum hins opinbera og almennri skattbyrði; afnema lög og reglur sem hindra samkeppni; viðhalda sveigjanleika vinnumarkaðar og efla anda fyrirtækjarekstrar.

Í ritinu er m.a. á það bent að aðgangur að góðri og fjölbreyttri fjármálaþjónustu skipti miklu máli fyrir framtak einstaklingsins í atvinnulífinu. Fjármagnsmarkaður hér á landi hefur gjörbreyst á undanförunum árum og er nú opin fyrir erlendum áhrifum og samkeppni. Er nú svo komið að frelsi til fjármagnsflutninga milli landa og annarra markaðsaðgerða er meira en í mörgum nágrannaríkjum okkar. Hins vegar er hlutabréfamarkaður,

enn sem komið er, lítill og vanþroskaður í samanburði við erlenda markaði. Fjölga verður skráðum félögum á markaðinum til að fjölga valkostum, gera verðmyndun virkari og laða að erlenda fjárfesta. „Með stærri og virkari hlutabréfamarkaði skapast fleiri möguleikar fyrir innlenda og erlenda fjárfesta, fjármögnunarmöguleikar fyrir vaxandi fyrirtæki og aukinn skilningur almennings á atvinnulífinu,“ segir í ritinu.

Hins vegar er meginvandamál íslensks fjármálamarkaðar hve óhagræðið í íslensku bankakerfi er mikil. „Eigi íslenska bankakerfið að geta veitt þjónustu á samkeppnishæfum kjörum er ekki nóg að hagræða heldur þarf að hagræða í ríkari mæli en keppinautarnir gera. Að öðrum kosti verður forskot erlendra banka seint unnið upp.“ Samkvæmt ritinu er ástæðu óhagræðisins einkum að finna í miklu opinberu eignarhaldi. „Leiðin í átt til aukinnar hagkvæmni og samkeppnishæfni felst því öðru fremur í einkavæðingu.“

Í ritinu er tekið á mörgum af helstu þáttum er marka starfsumhverfi fyrirtækja hér á landi. Bent er á leiðir til úrbóta og lesandanum gert ljóst að stjórnvöld mega ekki undanskilja neinn þessara þátta. Vilji þau auka umsvif atvinnulífsins og bæta lífskjör í landinu verða þau að tryggja lífvænleg starfsskilyrði á öllum sviðum fyrirtækjarekstrar. Aukin verðmætasköpun fyrirtækjanna bætir lífskjör íslensku þjóðarinnar.



NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

Umræðan um nýsköpunar- og þróunarmál á Íslandi er stöðugt vaxandi og ljóst er að sífellt fleiri aðilar í þjóðfélaginu gera sér grein fyrir mikilvægi þessara mála fyrir almenna efnahagsþróun og lífsskilyrði á Íslandi. Fyrirtækin hafa jafnt og þétt aukið hlutdeild sína í þjóðarútgjöldum til rannsókna og þróunar.

Mikill vöxtur og fjölgun þekkingar-fyrirtækja í íslensku atvinnulífi, sem verða sífellt fyrirferðarmeiri á íslenskum hlutabréfamarkaði, hefur aukið áhuga á nýsköpun í atvinnulífinu og valdið almennri hugarfarsbreytingu.

Einstaklingar jafnt sem fagfjárfestar eru nú tilbúnir að taka margfalt meiri áhættu en áður og þeir vaxa stöðugt í fjölda og umfangi. Átaksverkefnum og tilboðum til þeirra sem vinna að viðskiptahugmyndum fjölga einnig eftir því sem þörfin fyrir góða fjárfestingarkosti vex. Það eru því ekki lengur bara opinberir aðilar sem telja sig hafa hlutverk í stuðningi við nýsköpun í atvinnulífinu heldur bætast einkaaðilar og fyrirtæki inn í þetta umhverfi. Þannig hefur á fáum árum orðið mikil umbylting í fjármögnunarumhverfi nýsköpunar á Íslandi. Nýsköpunarsjóður og sjóðir í vörslu Rannsóknarráðs Íslands gegna þó enn veigamiklu hlutverki í grunnfjármögnun áhættuverkefna, samstarfsverkefna og fjármögnun verkefna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á frumstígu nýsköpunarferlisins.

Hlutverk stjórnvalda hefur aukist við að tryggja framboð á vel menntuðu fólki til starfa í þekkingarþjóðfélaginu og að skapa hagkvæm starfsskilyrði og hvatningu til nýsköpunar jafnt í rótgrónum fyrirtækjum sem nýjum. Enn eru óþarfa hindranir í lögum og reglugerðum sem þarf að fjarlægja og skattkerfið

þarf líka að innihalda fleiri hvata til nýsköpunar og þróunarstarfs. Þá hafa stjórnvöld mikilvægu hlutverki að gegna í að tryggja íslenskum fyrirtækjum og stofnunum aðgengi að alþjóðlegu rannsókn- og þróunarsamstarfi.

Stjórnvöld þurfa að taka öllum ábendingum atvinnulífsins í þessum efnum með opnu hugarfari og vera reiðubúin að laga sig að nýjum og breyttum þörfum eins og þær þróast á hverjum tíma. Á tímum sívaxandi hraða og tækniþróunar er mikilvægt að breytingar nái sem hraðast fram að ganga þannig að tækifærin nýtist sem best.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður hefur nú starfað í rúmlega tvö ár. Tvær mikilvægar breytingar voru gerðar á starfsemi sjóðsins á síðasta ári, báðar að tillögum SI. Í fyrsta lagi var stofnuð ný áhættulánadeild við Stofnsjóð. Í öðru lagi voru afnumin bráðabirgðaákvæði úr lögum sem takmörkuðu starfstíma Vöruþróunar- og markaðsdeildar (VÖMA) við þrjú ár.

Með breytingunum á VÖMA er ljóst að ekki gildir lengur það sjónarmið að ganga hratt á eigið fé deildarinnar eins og fólst í fyrri fyrirkomulagi. Með því að beina fleiri erindum í áhættulán og lækka nokkuð hámarksstyrkveitingar mun eigið fé deildarinnar duga a.m.k. 4-5 árum lengur en annars hefði orðið. Á sl. ári bærust 83 umsóknir um styrki til VÖMA og höfðu 76 verið teknar til afgreiðslu um sl. áramót. Þar af voru 45 umsóknir samþykktar og veittir styrkir samtals að fjárhæð 60.8 milljónir kr. Til samanburðar voru veittar 124,5 milljónir kr. í 74 styrkveitingum árið áður.

Áhættulánadeildin er rekin í samráði við verkefnistjórn VÖMA en VÖMA tekur að hálfu þátt í hugsanlegu útlánatapi á móti Stofnsjóði. Hámarksfjárhæð áhættulána var ákveðin 5 milljónir króna eða 50% af áætluðum heildarkostnaði við verkefni. Mikil eftirspurn var strax eftir þessum nýju áhættulánum og bærust alls 105 beiðnir um áhættulán. Samþykktar voru 56 beiðnir á sl. ári og veitt lánsloforð að fjárhæð 146,4 milljónir króna.

Umsóknum um hlutafjárþátttöku fækkaði á sl. ári og voru 89 en 164 á árinu á undan. Afgreidd voru 56 erindi og þátttaka ákveðin í 15 verkefnum, samtals að fjárhæð 623,5 milljónir króna. Árið 1998 voru 25 verkefni samþykkt að fjárhæð 866 milljónir króna.

Samtök iðnaðarins gerðu athugasemdir þegar Nýsköpunarsjóður hóf starfsemi sína, m.a. við að sjóðurinn nálgadist viðfangsefni sitt með nokkuð einhæfum hætti með því að leggja megináherslu á hlutafjárþátttöku. Með tilkomu áhættulánadeildarinnar, stuðningi við samstarfsvettvanga og ýmis verkefni í samstarfi við aðra aðila hefur þessi staða batnað mikið.

Samtökin telja þó enn að styrkveitingum Stofnsjóðs sé þröngur stakkur sniðinn þar eð aðeins megi nota að hámarki 15% ráðstöfunarfjár í þennan þátt. Krafa um 50% mótframlag VÖMA er líka orðin óviðundi. Þá er verklag við mat á beiðnum og ákvarðanatöku um hlutafjárþátttöku þungt og þarfnast meira frumkvæðis. Stjórnarþátttaka í verkefnum og fyrirtækjum, sem fjárfest er í, tekur þar á ofan aukinn tíma starfsmanna. Hér þarf því að finna nýjar leiðir og breyta verklagi. Samtök iðnaðarins hafa í þessu sambandi farið fram á að stefna og verklag sjóðsins verði

endurskoðað með þátttöku hagsmuna- og viðskiptaaðila hans.

RANNSÓKNARRÁÐ ÍSLANDS

Rannsóknarráð Íslands starfrækir þrjá megin sjóði, þ.e. Tæknisjóð, Vísindasjóð og Bygginga- og Tækjasjóð. Við þetta bættust á síðasta ári tímabundnar markáætlanir á sviði upplýsingatækni og umhverfismála.

Tæknisjóður ráðstafaði 168 milljónum króna til 76 verkefna og Vísindasjóður 153 milljónum til 173 verkefna. Þá var um 190 milljónum kr. veitt úr markáætlunum í fyrstu úthlutun til þriggja ára. Sú breyting hefur orðið á stefnu Tæknisjóðs að hann veitir stærri styrki en áður var en fækkar á móti þeim verkefnum sem fá stuðning.

Aukinnar togstreitu um úthlutanir sjóðsins gætir í fyrsta lagi milli langtíma- og skammtímasjónarmiða, í öðru lagi milli svokallaðra grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna og í þriðja lagi milli háskólastofnana og fyrirtækjarannsókna. Þótt þessir aðilar séu jafnan hlyntir samstarfi virðast hagsmunirnir ekki alltaf fara vel saman. Hugmyndir um að sameina Tæknisjóð og Vísindasjóð draga ekki úr þessari togstreitu sem í raun endurspeglar aðeins samkeppnina um takmarkað fjármagn. Það, sem meira máli skiptir við forgangsroðun fjármuna, er aukin viðleitni til að meta þann árangur sem rannsókn- og vísindastarfsemin skilar þegar upp er staðið. Á því byggist samkeppnishæfni okkar sem þjóðar.

Framundan er endurskoðun á lögum um Rannsóknarráð Íslands. Ekki eru komnar fram formlegar tillögur um breytingar en SI fylgjast náið með framvindunni.

Rannsóknarráð hefur nýverið sent menntamálaráðherra tillögur undir kjörorðinu „Samstarf til

sóknar“ í þeim yfirlýsta tilgangi að bæta þjónustuna við atvinnulífið og skapa grundvöll til hagræðingar í rekstri. Tillögurnar eru settar fram í tíu liðum sem spanna vítt svið allt frá stefnumörkun og stjórnun til afmarkaðra fagsviða og öndvegissæturs.

Samtök iðnaðarins hafa skoðað tillögur Rannís og eru sammála þeim meginmarkmiðum sem að er stefnt en vilja ganga lengra og hraðar í sameiningu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þá þarf að tryggja aðkomu atvinnulífsins að þeim vettvangi samráðs, um áherslur í rannsóknnum, þekkingaruppbýggingu og þjónustu við atvinnulífið sem fram á að fara innan Íslenska rannsóknarnetsins – ÍSRANN ef af verður.

RANNSÓKNASTOFNANIR ATVINNUVEGANNA

Núverandi skipan rannsókna- stofnana atvinnuveganna hefur ítrekað verið til umræðu án þess að leiða til verulegra breytinga. Skipulagið var mótað á miðjum 7. áratugnum en síðan hafa átt sér stað verulegar breytingar á skipulagi og starfsumhverfi íslensks atvinnulífs.

Það hefur lengi verið stefna SI að tímabært sé að brjóta niður þá múra sem allt of lengi hafa staðið milli starfsgreinabundinna rannsóknastofnana og ráðuneyta. Með því mætti ná fram raunverulegri eflingu og samhæfingu í íslensku rannsókn- og þekkingarumhverfi. Ljóst er að þær rekstareiningar, sem nú er unnið í, eru allt of smáar og þær skortir bolmagn til að takast á við stór verkefni, ekki síst í alþjóðlegu samstarfi. Gráu svæðin í samkeppni og samstarfi þessara mörgu smáu rekstareininga eru of mörg og aðkoma fyrirtækja að þeim of flókin. Þessu þarf að breyta.

Samtök iðnaðarins leggja til að

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, matvælahluti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og e.t.v. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði sameinaðar í eina öfluga deildaskipta stofnun. Hin nýja stofnun ætti að starfa í nánnum tengslum við nýjan tækniháskóla og tæknigarða auk þeirra háskóla sem fyrir eru.

Samtökum iðnaðarins list hins vegar miður á hugmyndir um að slíta matvælarannsóknirnar frá Iðntæknistofnun Íslands og færa þær inn í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins jafnvel þótt slíkri aðgerð fylgdi nafnbreyting með hf. fyrir aftan. Slík tilfærsla ein og sér væri að mati Samtakanna ekki æskileg því að hún myndi veikja mjög þær rekstrareiningar sem eftir stæðu.

Samtökum iðnaðarins er ljóst að hingað til hafa allar hugmyndir um sameiningu rannsóknastofnana á Íslandi fyrst og fremst strandað á því að þær heyra hver undir sitt atvinnuvegaráðuneyti. Margir hafa því bent á að ekkert verði úr slíkum sameiningarhugleiðingum fyrr en til verður eitt atvinnuvegaráðuneyti. Hvort sem „hænan eða eggid“ kemur á undan breytist ekki sú staðreynd að Íslendingar eru fámenn þjóð sem halda þarf vel á sínum málum til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins á komandi árum. Í mörgum fjölmennari ríkjum hafa menn fyrir löngu tekið á þessum málum. - Hvers vegna ætti fámenn þjóð ekki að geta gert slíkt hið sama?

NORRÆNT SAMSTARF

FORMANNAFUNDIR

Hefðbundinn fundur formanna norrænna iðn- og atvinnurekenda var að þessu sinni haldinn í Árhús í Danmörku 26.-28. ágúst sl. Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál einstakra landa er fastur liður á slíkum fundum en að þessu sinni var einnig kynnt niðurstaða úr samanburði á sveigjanleika vinnumarkaðarins á Norðurlöndum. Óhætt er að fullyrða að íslenskur vinnumarkaður kemur á margan hátt vel út í þeim samanburði. Einnig var kynnt norsk athugun á samkeppnishæfni Noregs miðað við önnur ríki, þar á meðal norræn.

Annað meginefni fundarins var sá aukni þrýstingur sem alþjóðavæðing og samkeppni hefur í þá átt að samræma skattkerfi og skattheimtu milli landa, ekki síst innan ESB. Það á bæði við um beina skatta og neysluskatta.

Segja má að almenn niðurstaða fundarins hafi orðið sú að vaxandi og óheft viðskipti milli landa kalli á heildarsamræmingu neysluskatta. Hvað varðar beina skatta ætti hins vegar fremur að stefna að samræmingu skattkerfa á milli landa en að samræma skatthlutfall. Ókosturinn við að samræma skatthlutföll er nefnilega sá að tilhneigingin er alltaf sú að samræma fremur til hækkunar en lækkunar.

Finnar greindu frá reynslu sinni sem eina Norðurlandþjóðin sem frá upphafi tekur þátt í EMU. Þegar á fyrsta ári hafa 20% finnskra fyrirtækja tekið evruna í notkun í reikningshaldi og áætlanagerð. Verð í verslunum er þegar tilgreint í evrum.

Í heild er fengin reynsla afar góð og á það jafnt við um fyrirtæki og finnskan almenning. Fram kom að finnskir atvinnurekendur telja að aðlögunartíminn þar til finnska

markið vikur endanlega fyrir evrunni sé óþarflega langur.

Á fundinum var einnig fjallað um helstu málaflokka sem verða á dagskrá á næstunni á þessum vettvangi svo og fyrirhugaðar breytingar á skipulagi UNICE, Evrópusamtaka iðn- og atvinnurekenda.

RÁÐ LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA

Fundir í þeim félagsskap eru haldnir einu sinni á ári. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Reykjavík hinn 19. ágúst. Auk hefðbundinnar umfjöllunar um efnahagsmál voru að þessu sinni tvö málefni efst á baugi. Rætt var um gæðakerfi í litlum fyrirtækjum og hlutverk hagsmunasamtaka í því sambandi. Ólafur R. Eggertsson hafði framsögu um málið og greindi frá verkefnum Samtaka iðnaðarins á þessu sviði. Greinilegt var að SI halda uppi mestu starfi á þessu sviði. Danir hafa í hyggju að beita sér á sviði umhverfis- og orkumála en hin samtökin standa ekki sjálf fyrir starfi af þessu tagi. Þeim þótti nokkuð athyglisvert hvernig SI hefuri haldið á þessum málum.

Aðalefni fundarins var umfjöllun um skýrslu sem SI tóku saman og fól í sér samanburð á þeim samtökum sem standa að Ráði lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum. Þetta var í fyrsta skipti sem slíkt hefur verið gert og var gerður góður rómur að framtaki SI. Fyrirfram var vitað að þessi samtök eru ólík hvað varðar stærð, aðild, skipulag og félagslega uppbyggingu. Þó kom á óvart hversu mikill sá munur er og verður hann ekki skýrður með öðrum hætti en þeim að aðstæður hafa verið mjög ólíkar í þessum löndum. Þrátt fyrir þennan mun kom í ljós að helstu verkefni og baráttumál eru býsna keimlík á

Norðurlöndum. Starfsskipti, skattar og reglubyrði eru greinilega sameiginleg viðfangsefni.



VIÐSKIPTAMÁL

Einu sinni til tvisvar á ári koma saman fulltrúar systursamtakanna á Norðurlöndum til þess að fjalla um það sem er efst á baugi í þróun milliríkjasamninga og um viðskipti og stefnu stjórnvalda einstakra ríkja í þeim efnum. Á sl. ári var haldinn fundur í lok ágúst í Stokkhólmi. Á þeim fundi var einkum rætt um stöðuna innan WTO, fríverslunarsamninga ESB við önnur ríki, viðskiptaviðræður Bandaríkjanna og EB (TABD) og stækkun ESB.

FYRIRTÆKJA- OG VIÐSKIPTALÖGGJÖF

Árlegur fundur lögfræðinga systursamtakanna á Norðurlöndum var haldinn í Stokkhólmi dagana 17.-18. júní sl. Þar voru til umfjöllunar samkeppnislöggjöf, einkum samrunaeftirlit, umhverfislöggjöf, hugverkaréttindi, hlutafélagalöggjöf og verðbréfavíðskipti. Fróðlegt var að kynnast reynslu Svía varðandi samrunaeftirlitið. Á sex árum frá 1993-1998 var tilkynnt um 1.200 mál til sænskra samkeppnisyfivalda. Af þeim þótti einungis ástæða til þess að rannsaka 36 og þar af bönnuðu yfirvöld samruna í þremur tilvikum en aðeins eitt bannið stóðst fyrir dómstólum. Að mati sænska iðnaðarins er því augljóslega um að ræða dýrt og umfangsmikið eftirlitskerfi sem skilar litlum árangri.

RANNSÓKNIR, ÞRÓUN OG TÆKNIMENNTUN - FOU

Árlegur fundur systursamtaka SI á Norðurlöndum um rannsóknir, þróun og tæknimenntun á háskólastigi fór fram á Íslandi í ágúst. Að

Þessu sinni var einkum rætt um aðgengi og áhrif á rammaáætlanir Evrópusambandsins, upplýsingasamfélagið og rafræn viðskipti, nýsköpunarkerfið og tengsl atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana. Þá voru á dagskrá umræður um tækni-menntun á háskólastigi og þann skort sem er alls staðar á tækni-menntuðu fólki. Að lokum var rætt um Norræna iðnaðarsjóðinn, nýtt hlutverk og tengsl hans við iðnaðinn.

FINNAR SÓTTIR HEIM

Stjórn SI heimsótti Finnland sl. september. Ástæðan var sá mikli árangur sem Finnar hafa náð á síðustu árum í efnahagsmálum, velgengni iðnaðar þeirra og einnig að Finnar fóru með formennsku innan Evrópusambandsins síðari hluta ársins 1999.

TT - Teollisuus ja Työnantajat, samtök finnskra iðn- og atvinnurekenda höfðu veg og vanda af skipulagningu heimsóknarinnar og er óhætt að segja að þeir lögðu sig fram og gerðu heimsóknina mjög eftirminnilega. Finnsku samtökin urðu til árið 1992 þegar finnsku vinnuveitendasamtökin og samtök

iðnaðarins í Finnlandi runnu saman. Hjá þeim starfa um 170 manns, aðildarfyrirtæki eru 5.600 og þar á meðal eru nær öll fyrirtæki sem framleiða og selja vörur til útflutnings. TT eru sterk samtök og njóta virðingar í Finnlandi.

Í ferðinni voru líka heimsótt fjögur fyrirtæki sem fást við ólíka hluti en eru öll gott dæmi um framgang finnsks iðnaðar. YIT er bygginga- og verkfræðifyrirtæki. Það hefur um 8.500 starfsmenn, þar af 2.000 erlendis. Skoðaður var byggingarstaður nokkurra hágæðafjölbýlishúsa á góðum stað við ströndina í Helsinki.

Farið var í rannsóknasetur Nokia í Helsinki. Óhætt er að segja að Nokia sé um þessar mundir þjóðarstolt Finna og ekki að undra. Nokia og starfsemi því tengd er helsti drifkraftur finnsks efnahagslífs, sérstaklega útflutningsins. Sem dæmi um velgengni Nokia má nefna að velta þess árið 1998 var meira en 1.025 milljarðar íslenskra króna. Veltan hafði aukist um 51% frá 1997, hagnaðurinn um 75% og starfsmönnum fjölgað úr 36.600 í 44.500 eða um 7.900. Fazer er fjölskyldufyrirtæki sem veltir um 62

milljörðum íslenskra króna og hefur ríflega 8.000 starfsmenn. Það skiptist í þrjú meginvið: sælgætisgerð, bakarí og veitingarekstur. Sælgætisgerð fyrirtækisins var skoðuð og var hún sérlega glæsileg. Mesta athygli vakti þó sá þáttur í starfsemi Fazer er lýtur að rekstri veitingastaða- og mötuneyta. Það fyrirtæki tekur að sér rekstur mötuneyta og veitingastaða jafnt fyrir hið opinbera (skóla og sjúkrahús) og fyrirtæki í almennum rekstri.

Metsä-Serla er eitt stærsta fyrirtækið í finnskum pappírsiðnaði. Starfsmenn eru um 15.000 og veltan um 272 milljarðar íslenskra króna. Þar til nýlega framleiddi finnski pappírsiðnaðurinn um 56% af útflutningi Finna (1970) en nú byggist útflutningur Finna mest á þremur álíka stórum greinum: pappírsiðnaði (30%), hátækniíðnaði (25%) og véla- og málmíðnaði (23%). Þetta sýnir vel að það er hægt að breyta grunngerð atvinnulífsins ef viljinn er fyrir hendi. Í stað þess að treysta um of á eina atvinnugrein geta Finnar nú byggt á þremur álíka styrkum stoðum hvað útflutninginn varðar.

SAMTÖK IÐN- OG ATVINNUREKENDA Í EVRÓPU – UNICE

Innan UNICE fór töluverður tími í skipulagsbreytingar sem miða að því að gera starfsemina skilvirkari. Ákveðið var að skipta þeirri vinnu í tvo áfanga og lauk þeim fyrri á forsetafundi í Helsinki í desember. Þar voru samþykktar nýjar reglur um atkvæðavægi aðildarsamtakanna og kosningareglur í hinum ýmsu málaflokkum. Niðurstaðan varð sú að miða atkvæðavægið við reglur ráðherraráðs ESB þannig að íslensku

samtökin fá sama vægi og Lúxemborg. Rétt er að taka fram að atkvæðagreiðsla er mjög fátíð innan samtakanna. Í næsta áfanga verður lögð áhersla á skipulag samtakanna og tekjustofna. Breytingar á Rómarsáttmálanum bæði í Maastricht og Amsterdam hafa fært UNICE ný verkefni en að sama skapi aukið mikilvægi samtakanna á Evrópuvettvangi. Reglulegir samráðsfundir eru með ráðherrum fjármála og fé-

lagsmála aðildarríkja ESB auk þess sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins hitta oddamenn leiðtogafunda sambandsins fyrir þá fundi.

Mikil áhersla er lögð á atvinnumál og innan UNICE samræma aðildarsamtökin afstöðu sína til þeirrar vinnu sem unnin er á vegum ESB og aðildarríkjanna í því efni. Ísland er ekki þátttakandi í atvinnuáætlunum ESB en fylgst er með þróuninni innan UNICE.

Miklar breytingar hafa orðið á samskiptamálum samtakanna. UNICE hefur komið sér upp heimasíðu og stefnt er að því að draga úr

fundaferðum til Brussel með auknum tölvusamskiptum.

Framkvæmdastjóri UNICE, Dirk Hudig, heimsótti íslensku samtökin

í maí, flutti erindi á aðalfundi VSÍ og átti fund með starfsmönnum SI auk þess að heimsækja nokkur fyrirtæki í Reykjavík og nágrenni.

RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Á liðnu ári voru haldnir fjórir fundir í ráðgjafarnefnd EFTA, tveir í Brussel, einn í Lillehammer og einn í Liechtenstein. Auk hefðbundinna viðfangsefna hefur sérstök áhersla verið lögð á samráð aðila vinnu- markaðarins og samskipti við Mið-Evrópu. Á vegum nefndarinnar var skipaður vinnuhópur til samráðs við fulltrúa EFTA/EES í undirnefndum EFTA. Einn óformlegur fundur var haldinn með fulltrúum fjórðu undirnefndar sem m.a. fer með

vinnu- markaðsmál. Hann þótti gefast vel og stefnt er að því að framhald verði á þessu samráði. Í nefndinni eru fjórir fulltrúar frá samtökum hagsmunaaðila í Noregi og Íslandi. Ráðgjafarnefndin bauð fulltrúum samtaka á vinnu- markaði frá væntanlegum aðildarríkjum ESB til ráðstefnu í Liechtenstein í byrjun nóvember. Hún var vel sótt og þótti takast með ágætum.

Í mars var í Brussel haldinn eini fundur ársins í ráðgjafarnefnd EES.

Þar voru á dagskrá EES-samningurinn og framkvæmd hans, stækkun ESB, atvinnumál, innri markaðurinn, umhverfismál og evran.

Sú breyting hefur orðið við tilkomu SA að SI hafa dregið mjög úr þátttöku sinni í ráðgjafarnefndum EFTA og EES. SA og mun Evrópuskrifstofan í Brussel nú að mestu sjá um að taka þátt í starfi þessara nefnda.

EVROÐPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS – ESAB

Í september voru sex ár liðin frá stofnun skrifstofunnar. Ljóst er að með tilurð SA verða nokkrar breytingar á starfsemi. Frá 1. október heyrir skrifstofan alfarið undir SA og að sama skapi fjölga þeim samtökum sem geta sótt þjónustu til skrifstofunnar.

Íslendingar voru í forsæti samstarfsnefndar gömlu EFTA ríkjanna innan UNICE allt árið. Í nefndinni eru samtök iðn- og atvinnurekenda frá Norðurlöndunum auk Sviss og Austurríkis. Nefndin heldur mánaðarlega fundi en nefndarmenn eru allir fastafulltrúar við UNICE og bera þeir saman bækur sínar og samræma afstöðu sína þegar tilefni gefst til. Innan nefndarinnar er náið samráð milli norrænu fulltrúanna en það byggist á hinu nána samstarfi milli samtaka á Norðurlöndunum. Með þessu samráði tekst að ná jafnstöðu í málflutningi við risa á

borð við þýsku samtökin þegar ástæða er til. Samstarf norrænu samtakanna á Evrópuvettvangi fer vaxandi innan UNICE. Þau kosta sameiginlega einn starfsmann UNICE sem sinnir málefnum smárra og meðalstórra fyrirtækja og hafa beitt sér fyrir skynsamlegri vinnubrögðum í fjármálum samtakanna en áður var.

Eins og fyrr hefur verið lögð áhersla á að hafa svið til að sinna málum eftir hendinni. Starfsemi er því miðuð við áhuga og þarfir samtakanna og íslenskra fyrirtækja gagnvart EES/ESB. Allt bendir til þess að umfang félagsmála eigi enn eftir að aukast en á því sviði má ekki slá slöku við því að flest, sem þar gerist, mun snerta íslensk fyrirtæki í framtíðinni.

Reglulegt samráð er haft við starfsmenn sendiráðsins um málefni EES, helst á sviði menntamála

og starfsþjálfunar, félagsmála, iðnaðar og sjávarútvegs.

Þótt SA taki nú við rekstri skrifstofunnar verður engin breyting á samskiptum skrifstofunnar við félagsmenn og starfsmenn SI enda eiga þau gífurlegra hagsmuna að gæta á Evrópuvettvangi. Allt bendir til þess að þeir hagsmunir fari frekar vaxandi en hitt. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst fyrirtækjum vel og þess vegna er mikilvægt að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald þannig að hvergi verði slakað á í framkvæmd hans. Það vinnst best með því að vera á vaktinni bæði heima og í Brussel.

MANNVIRKJAGERÐ



BYGGINGARIÐNAÐUR

Ástand í bygginga- og mannvirkjagreinum á Íslandi var betra á sl. ári en mörg undanfarin ár. Fyrirtæki hafa betri verkefnastöðu en áður og ættu að vera betur í stakk búin til að eflast og taka upp nýjungar en oft áður. Margt bendir þó til að afkoma fyrirtækja í byggingariðnaði hafi ekki batnað í samræmi við aukin verkefni og meiri umsvif eins og sést á útboðsmarkaðinum. Tilboð hækka ekki nema sem nemur 2-3% milli ára sé miðað við kostnaðaráætlanir og má ætla að fyrirtæki eigi þar enn nokkuð inni.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lóðum á suðvesturhorni landsins og sveitarfélög ekki staðið sig nægjanlega vel í þeim eignum. Samtök iðnaðarins hafa hvatt sveitarfélögin til að sýna fram á hvar og hvenær þau hygðast hafa lóðir tilbúnar og að skipulagsmál séu fyrr á ferðinni en verið hefur. Með þeim hætti geta sveitarfélög brugðist skjótar við aukinni eftirspurn á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg hefur tekið upp nýja stefnu við úthlutun lóða. Lóðir voru auglýstar til sölu og nokkrum úthlutað eftir útdrátt en flestum var úthlutað eftir útboð. Samtök iðnaðarins telja að ekki hafi að öllu leyti verið staðið rétt að málinu og að æskilegra hefði verið að hafa einn og sama hátt á við úthlutun. Töluverðrar óánægju gætti meðal félagsmanna vegna þeirrar reglu að með sumum lóðanna fylgdu tilgreindir hönnuðir sem Reykjavíkurborg hafði valið fyrirfram.

Starfsgreinahópurinn kom reglulega saman á árinu og fjallaði um ýmis mál s.s. öryggismál á byggingarvinnustöðum, drög að breyt-

ingum á skipulags og byggingarlögum, lóðaframboð og úthlutunarmál o.fl. Fundarsókn hefði þó mátt vera betri. Hugsanlega ætti að breyta samsetningu hópsins og fá félagsmenn til að tilnefna menn í starfsgreinahópinn.

Á árinu gerðu SI samning við Félag pípulagningameistara um aðstoð við rekstur félagsins. Starfsmaður Samtakanna sinnir nú því hlutverki og hefur það gefist vel.

Útboðsþing var haldið í janúar. Á annað hundrað manns komu og hlýddu á forstöðumenn opinberra stofnana fjalla um þau verkefni sem átti að ráðast í á árinu. Ljóst er að slíkur fundur er upplýsingaveita sem félagsmenn nýta sér vel og kemur þeim að gágni.

LAGASETNING

Á sl. ári höfðu SI talsverð afskipti af lögum um skipulags- og byggingamál. Komið var á samstarfsfundum með starfsmönnum umhverfisráðuneytisins og hefur sá hópur nokkuð oft komið saman. Árangur þessa samstarfs á eftir að koma í ljós á komandi þingi þegar breytingafrumvarp við skipulags- og byggingarlögin verður lagt fram. Fyrirhugað var að frumvarpið yrði lagt fram sl. haust en af því varð ekki. Eins og staðan er nú eru þó líkur á að tekið verði tillit til flestra tilmæla SI. Miðað við þær breytingar, sem verið er að gera á lögnum, er einsýnt að breyta þarf byggingareglugerðinni og þurfa SI að vera á verði í þeim eignum.

LÖGGILDING IÐNAÐARMANNA

Með setningu skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 var Samtökunum falið að vera umsagnaraðili vegna veitingar landslöggildingar iðnaðarmanna á byggingasviði. Á

þeim tveimur árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna, hafa Samtökun veitt um 300 umsagnir vegna löggildingarákvæðanna.

ERLENT SAMSTARF

Á byggingasviði hafa Samtökin átt gott samstarf við systurfélög annars staðar á Norðurlöndum. Haldinn var fundur hér á landi þar sem fulltrúar allra Norðurlanda hittust og skiptust á upplýsingum og skoðunum um byggingariðnaðinn og möguleika hans í hverju landi. Ástand byggingariðnarins á Norðurlöndum telst nokkuð gott.

STAÐLAMÁL Í BYGGINGARIÐNAÐI

Ljóst er að staðlar verða sífellt stærri hluti af þeirri umgerð sem sett er til að halda utan um mannvirkjagerð og fyrirtæki sem starfa á því sviði. Af þeim sökum er mikilvægt að taka þátt í gerð þeirra. Samtök iðnaðarins eru aðili að Byggingastaðlaráð sem er vettvangur þeirra sem eiga hagsmuna að gæta við staðlagerð. Mjög stór hluti staðlagerðar, sem snertir íslenskan byggingariðnað, fer fram á vegum CEN, Evrópustaðlaráðsins. Það gerir okkur nokkru erfiðara að fylgjast með en er ekki síður mikilvægt. Aðstæður á Íslandi eru e.t.v. ekki mjög frábrugðnar því sem gengur og gerist í Evrópu en eigi að síður er mikilvægt að taka þátt í því starfi. Samtök iðnaðarins hafa styrkt Byggingarstaðlaráð til að taka þátt í einu slíku verkefni á árinu, gerð staðals um framkvæmdaflokkun verktaka. Mikilvægt er að fyrirtæki kynni sér það sem fram fer á staðlasviðinu og hjá Byggingarstaðlaráði og taki virkan þátt í því starfi.

GÆÐASTJÓRNUNARÁTAKID

Á sl. var haldið áfram með nám-

skeið í gæðastjórnun fyrir fyrirtæki í pípulögnum og blikksmíði.

Samtals hafa 12 fyrirtæki í pípulögnum og 12 í blikksmíði lokið námskeiði í gæðastjórnun á vegum SI. Þessi fyrirtæki eru nú mislangt á veg komin með að tileinka sér þau vinnubrögð og aðferðir sem þarf til að geta talist vera með altæka gæðastjórnun en SI munu halda áfram að veita þeim, sem þess óska, stuðning við að laga gæðakerfin að daglegum rekstri fyrirtækjanna.

Verið er að vinna að mótun gæðakerfis fyrir húsasmíðar og má vænta þess að hægt verði að bjóða húsasmíðameisturum og verktökum í byggingariðnaði þátttöku í námskeiðum eða verkefnum í gæðastjórnun áður en langt um líður.

JARÐVINNUVERKTAKAR-FÉLAG VINNUVÉLAEIGENDA

Verðlag á jarðvinnuarkaði hefur haldist óbreytt og mikil þátttaka er í útboðum. Þetta bendir ótvírætt til að þenslu gæti ekki á jarðvinnuarkaði þó að þenslueinkenna gæti í öðrum greinum mannvirkjagerðar. Áform ríkisstjórnarinnar sl. haust um að fresta fjárfestingum í samgöngumálum fyrir einn miljarð króna komu því flestum í opna skjöldu. Gengið var á fund ráðherra, bæjarstjórnarmanna og þingmanna til að fá þessum áformum breytt. Að mati forystumanna jarð-

vinnuverktaka er mun vænlegra til árangurs í baráttu við þenslu að lengja framkvæmdatímann en ekki að fresta verkefnum.

Forritið Taxi var kynnt á fjölmennum félagsfundi hjá Félagi vinnuvélaeigenda sl. vor og haldið námskeið í notkun þess.

EFTIRLIT OG HÖNNUN Á EINI HENDI

Ryki var dustað af gömlum draug þegar farið var að amast við að eftirlit með framkvæmdum og hönnun þeirra væru á einni hendi. Að mati verktaka og ríkisfyrirtækja, eins og Framkvæmdasýslu ríkisins, stenst það ekki stjórnsýslulög að einn og sami aðilinn annist eftirlit og hönnun. Á Útboðsþingi flutti lögfræðingur SI erindi þar sem hann rökstuddi skoðun SI.

SÝNING Í LAS VEGAS

Félag vinnuvélaeigenda skipulagði hópferð á alþjóðlega vinnuvélasýningu sl. vor í Las Vegas í Bandaríkjunum. Á fjórða tug Íslendinga skoðaði vinnuvélar í vorblíðunni í Nevadaeyðimörkinni. Þetta var í fyrsta sinn sem farið var á þá sýningu í skipulagðri hópferð en hingað til hefur verið farið á Bauma sýninguna í Þýskalandi og Intermat sýninguna í Frakklandi. Góður rómur var gerður að sýningunni.

GÆÐAKERFI FYRIR JARÐVINNUVERKTAKA

Sjö jarðvinnuverktar innan Samtaka iðnaðarins eru nú þátttakendur í verkefni á vegum SI um að taka upp gæðakerfi til gæðastjórnunar sem tekur á öllum helstu þáttum reksturs og framleiðslu fyrirtækjanna. Verktakarnir verða þátttakendur á verkefnisgrunni og hófust strax handa við að yfirfara, skrá, móta og endurbæta alla ferla í rekstri og framleiðslu. Allir ferlar og lausir endar eru nýrvaðir niður og útbúnar verklagsreglur fyrir helstu þætti framleiðslunnar. Innra skipulag fyrirtækjanna er endurskoðað og samskiptaferlar gerðir ljósari og ákveðnari. Samskipti við viðskiptavini og birgja eru gerð markvissari og hætta á mistökum því lágmarkuð. Í kjölfarið er ætlunin að SI fái óháðan aðila til að taka út virkni kerfisins hjá hverju fyrirtæki eigi sjaldnar en einu sinni á ári og upplýsi væntanlega viðskiptavini þeirra um niðurstöðuna. Þau fyrirtæki, sem þess óska, geta einnig tekið skrefið til fulls og fengið kerfið vottað sem ISO 9000 gæðakerfi með þeim skilmálum sem þar gilda.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐUR

Samtökin og Landssamband veiðarfæraagerða stóðu fyrir tveggja daga námskeiði í notkun teikniforritsins DesignCAD við teikningar á netum og veiðarfærum. Námskeiðið fólst í almennri kynningu á forritinu og möguleikum þess, auk þess sem einfalt botntroll var teiknað.

Þetta er annað tölvutengda námskeiðið sem haldið er fyrir félagsmenn en það fyrra var um kostnaðarútreikinga.

Á árinu var gengið frá merki Landssamband veiðarfæraagerða og hannaðir límmiðar og fánar fyrir félagsmenn.



HÚSHLUTA-, HÚSGAGNA- OG INNRETTINGAÍÐNAÐUR

Meistarafélag bólstrara og Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda eru þátttakendur í Sögu byggingartækninnar sem er samstarfsverkefni Árbæjarsafns og Menntafélags byggingariðnaðarins og verður opnað 1. júní nk. Sýningin verður haldin í einu elsta húsi safnsins (Ullarhúsinu/Kjöthúsinu), sem var flutt frá Vopnafirði. Verkefnið felst í að ljúka endurbyggingu hússins og setja þar upp sýningu á gömlum verkfærum, byggingarhlutum húsa og handverki byggingaiðngreina. Sýningin verður ótímasett og áformað að hún standi nokkur ár. Meðan verkefnið varir eiga félögin kost á að setja upp tímabundið sína eigin sýningu. Auk þess að veita almenningi innsýn í gamalt handbragð, vinnsluáferðir og tækni, eygja menn nú loks möguleika á að geta varðveitt tryggilega gömul

verkfæri og vélar. Björn Lárusson formaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda lést á síðasta ári. Af krafti og festu hafði Björn frumkvæði að varðveislu gamalla muna sem tengjast húsgagnasmíði. Með þessu framtaki sínu vildi Björn tryggja að komandi kynslóðir fengju tækifæri til að kynna atvinnusögu þjóðarinnar. Honum tókst að bjarga elsta og jafnframt fyrsta sveinstykkinu sem vitað er um hérlendis. Það er stórmerkur gripur, dragkista, sem ungur Íslendingur, Jón Jónsson, smíðaði í Kaupmannahöfn árið 1851 en er nú varðveitt í Nonnasafni á Akureyri. Nokkrum dögum fyrir andlátið tókst Birni að koma til varðveislu fyrstu spónlagningarvél sem kom til landsins og lagði grunn að íslenskri fjöldaframleiðslu húsgagna og innréttinga. Vélin verður framvegis til sýnis á sýningunni

Saga byggingartækninnar í Ullarhúsinu í Árbæjarsafni.

Fyrirtæki í Samtökum íslenskra húshlutaframleiðanda hafa komið að máli við SI og óskað eftir aðstoð við að koma á gæðaeftirliti með framleiðslu sinni til þess að framleiðsla þeirra geti fengið íslenska gerðavottun og þar með staðist gr. 120 í byggingarreglugerð um vottun á byggingavörum. Nú hafa tvö þessara fyrirtækja hafið undirbúning og tvö önnur ætla að hefjast handa á næstu dögum. Fyrir eru tvö fyrirtæki (BYKO og Börkur) í gluggaframleiðslu sem hafa gæðaeftirlit með framleiðslu sinni. Einnig hafa fjórir glerframleiðendur beitt gæðaeftirliti um nokkurra ára skeið.

MÁLMIÐNAÐUR

Hin hagstæða þróun í málmíðnaði undanfarin ár hélt í aðalatriðum áfram á síðasta ári. Þó er augljóst að ýmsar blikur eru á lofti sem ástæða er að bregðast við í tíma. Enda þótt velta hafi aukist nokkuð hefur verið gengið á hagnað til þess að mæta þenslunni á vinnumarkaði og öðrum hækkunum sem stöðja að. Í síðustu ársskýrslu var bent á þessi hættumerki og þess getið að við þeim yrði að bregðast með því að bæta samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og greinarinnar í heild. Ennfremur var farið fram á að stjórnvöld gerðu víðeigandi ráðstafanir á þeim sviðum sem þau geta haft áhrif til að hemja verðbólguna.

Verkefni innan málmíðnaðarinnar hafa yfirleitt verið næg og sums staðar ágæt. Undanfarin ár hafa smíðagreinarnar innan málmíðnað-

arins sótt mjög í sig veðrið og er þá bæði vísað til mannvirkjagerðar og smíði véla og tækja fyrir matvælavinnslu - ekki síst fyrir sjávarútvegin. Í áætlun, sem samin hefur verið um mannaflaþörf í hinum ýmsu greinum málmíðnaðar næstu tíu ár, kemur fram að smíðagreinarnar munu sækja mjög á enda þótt vélrænu greinarnar (mekanisku) muni áfram gegna þýðingarmiklu hlutverki. Ljóst er að samkeppnin við erlenda keppnautu mun enn harðna en jafnframt hafa skapast mjög áhugaverð sóknarfæri á alþjóðlegum mörkuðum sem hægt er að nýta ef rétt er staðið að málum.

MANNVIRKJAGERD

Á liðnu ári voru fjölmörg og krefjandi verkefni á sviði mannvirkjagerðar. Þar nægir að nefna virkjana-

framkvæmdir og enduruppbyggingu mjölvinnsluverksmiðja víða um land. Í báðum þessum verkefnum eru gerðar miklar tæknilegar og faglegar kröfur sem íslenskar málm-smíðjur og starfsmenn þeirra standa með glæsibrag og skila af sér góðum verkum með miklum sóma.

Ætla má að verkefni á sviði mannvirkjagerðar verði víðamikil á næstu árum ekki síst ef áætlanir opinberra aðila og annarra um virkjana- og stóriðjuframkvæmdir ganga eftir. Eins og fyrri daginn er ekki á vísan að róa að íslensk fyrirtæki í greininni fái þessi verkefni enda hafa erlend fyrirtæki æ meiri áhuga á að hasla sér völl hér á landi á þessu sviði eins og dæmin sanna. Þá gildir aðeins að standa sig í samkeppninni og tryggja jafnframt að útlendingum sé ekki fært forskot á

silfurfati eins og reynt hefur verið að gera undanfarin ár. Samstaða íslenskra fyrirtækja og samtaka iðnsveina hefur rækilega sýnt að hægt er að hrinda óréttmætri samkeppni af höndum sér ef gripið er til ráðstafana í tæka tíð. Ef jafnræðis er gætt eiga innlend málmíðnaðarfyrirtæki að geta staðið sig vel í samkeppninni og tryggt um leið að sá virðisauki, sem hlýst af því að íslensk fyrirtæki vinni verkin, skili sér til fyrirtækja, starfsmanna þeirra og þjóðarbúsins í heild.

SKIPAIÐNAÐUR

Skipaiðnaði má í aðalatriðum skipta í viðhald og viðgerðir annars vegar en nýsmíði skipa hins vegar.

Gróska hefur orðið í viðgerðarþættinum og nokkur hjartsýni ríkjandi ef marka má fjárfestingar í upptökumannvirkjum og umbætur á aðstöðu eins og byggingu yfir dráttarbrautir. Viðgerðir og viðhald skipa er og verður væntanlega enn um sinn nokkuð sveiflukenndur iðnaður. Þó er ljóst að það frumkvæði samtaka smiðjanna á sínum tíma að koma betra skipulagi á viðhald skipa, m.a. með útgáfu SFI-flokkunarkerfisins og brautryðjendastarfi í kerfisbundnu viðhaldi skipa, hefur skilað sér í betri og markvissari vinnubrögðum öllum til hagsbóta en ekki síst viðskiptavinunum. Mörg viðgerðarverkstæði eru nú orðin mjög tæknivædd og allt skipulag annað og betra en var.

Nýsmíði skipa hefur átt í vök að verjast sl. ár og var hið nýliðna ekki undantekning að því leyti. Hömlulausar niðurgreiðslur úr ríkissjóðum samkeppnislanda til skipasmíða og innkoma láglaunalanda á þennan markað gengdu nánast af öflugum skipasmíðum dauðum hér á landi. Ekki er langt síðan íslenskar skipa-

smíðastöðvar smíðuðu glæsileg fiskiskip, allt frá litlum bátum til stórra og tæknivæddra togara. Flest þessara skipa eru enn í notkun og hafa fært óhemju verðmæti í þjóðarbúið. Þó er nokkur gróska í smíði lítilla fiskiskipa um þessar mundir. Blikur eru þó á lofti því að nú hafa verið gerðir smíðasamningar í Austurlöndum fjær um smíði nokkurra slíkra skipa en reynslan af þeim viðskiptum á eftir að koma í ljós. Er þá átt við gæði, raunverð og afhendingu.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurheimta fyrri reisin í nýsmíði skipa og efla greinina í framhaldi af því. Í því skyni hefur verið horft til þeirrar aðferðar, sem víða er brúkuð í samkeppnislöndunum, að vinna með opinberum aðilum að því að takast á við viðamikil skipasmíðaverkefni á þeirra vegum og mynda með því virka samstöðu innlendra stöðva um framkvæmdina. Með því væri hægt að öðlast þjálfun í því að vinna saman að slíkum stórverkum og vera í kjölfar þeirra færari um að takast á við samkeppnina.

Með þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hanna og smíða nýtt varðskip hér á landi tók hún í raun undir ofangreint viðhorf og stefnu. Eins og alþjóð er kunnugt hefur undanfarna mánuði verið unnið að því af hálfu ríkisvaldsins að koma málum þannig fyrir að Eftirlitstofnun EFTA geri ekki athugasemdir við þá ákvörðun að smíða skipið innanlands. Ef marka má yfirlýsingar einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild, um að skipið verði smíðað hér á landi, verður að treysta því að það gangi eftir enda þótt reynt hafi verið, bæði hér á landi og í Brussel, að bregða fæti fyrir þá stefnu.

SMÍÐI VÉLA OG TÆKJA

Tvímælalaust er hér um að ræða einn helsta vaxtarbrodd íslensks málmíðnaðar. Hann sækir styrk sinn í kröfuharðan innlendan sjávarútveg sem hefur leitt til fjölbreyttrar framleiðslu véla og tækja, sem eru nú orðin eftirsótt á alþjóðlegum markaði. Íslenskir framleiðendur á þessu sviði sönnuðu rækilega getu sína á Sjávarútvegssýningunni sl. haust og vakti framlag þeirra verðskuldaða athygli.

Í sl. mánuði voru hönnuðir á þessu sviði, framleiðendur og smiðjumenn ásamt með völdum viðskipavinum, kallaðir til vinnufundar til þess að móta framtíðarsýn þessarar vaxandi atvinnugreinar og marka síðan stefnu í þeim málefnum sem vinna þarf að til þess að hún gangi eftir. Fundurinn tókst mjög vel og nú er verið að vinna úr niðurstöðum hans og fyrir vorið verður gengið frá endanlegri stefnumótun.

BLIKKGREININ

Verkefni í blikkgreininni voru með mesta móti á sl. ári enda byggingaframkvæmdir miklar, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Í aðalatriðum má skipta verkefnum í tvo hluta: loftræstikerfi og laðgnir utanhúss, einkum þaklaðgnir og ýmislegt sem því tengist.

Laðgnakerfi í hús og hífýli eru nú orðin tæknilega flókin úrlausnarefni. Blikksmiðjur hafa því undanfarin ár lagt sig fram um að mæta nýjum kröfum á þessu sviði, m.a. með því að taka í notkun vélar og tæki sem oft eru tölvustýrð (CAD/CAM) og laga þessa nýju tækni að handverkinu sem er og verður alltaf undirstaða allra verka.

Undanfarin ár hefur verið efnt til átaks til þess að örva arkitekta til að nýta þunnmálma í hús og mann-

virki. Gefið var út vandað rit með samtökum iðnsveina um þetta efni og einnig hefur Félag blikksmiðju-eigenda tekið þátt í að verðlauna norræna arkitekta sem hafa sýnt athyglisverðasta notkun þunnmálma. Þessi samkeppni nýtur nú mikillar virðingar meðal arkitekta og hefur með öðru stuðlað að því að notkun málma við klæðningu húsa fer nú hraðvaxandi.

Gæðaverkefni það, sem SI gekkst fyrir meðal lagnafyrirtækja, hefur mælst vel fyrir innan blikkgreinarinnar. Smátt og smátt festast þau vinnubrögð, sem þar eru boðuð, í sessi og standa vonir til að innan tíðar verði þau sjálfsögd í daglegum störfum í blikksmiðjum.

FRÆÐSLUMÁL Í BRENNIDEPLI

Nú sér fyrir endann á endurskipulagningu alls iðnnáms í málmgrein-

um. Endurskoðuð námskrá fyrstu fjórar annir námsins hefur verið í notkun frá því haustið 1998 og fyrstu nemendur ljúka fjórða áfanga í vor.

Nýlega voru kynnt drög að námskrá fyrir 5. og 6. önn málmíðngreina, rennismíði, stálmíði sem skiptist í stálmannvirkjagerð og stálskipasmíði, málmsuðu, vélvirkjun og blikksmíði. Þessi drög eru viðamikil og vönduð í hvívetna enda komu að verkinu margir fagmenn úr fyrirtækjum, tæknimenn og kennarar málmíðngreina. Stefnt er að því að ganga endanlega frá námskránni í mars nk. Með henni er tvímælalaust stigið mikilvægt skref til að laga nám í málmíðnaði að nútímakröfum og styrkja með því samkeppnisstöðu greinarinnar.

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu er stefnt að því að setja á

stofn kjarnaskóla fyrir málmíðnaðinn. Viðræður hafa staðið við fulltrúa menntamálaráðuneytisins um að samtök atvinnulífsins (atvinnurekendur og launþegar) taki að sér rekstur slíks skóla. Hugmyndin er að stofnuð verði sjálfeignarstofnun á þeirra vegum sem síðan geri endanlegt samkomulag við ráðuneytið um reksturinn. Vonast er til að viðræður um mál þetta skili árangri fyrir vorið.

Fræðsluráð málmíðnaðarins tók á sl. ári við umsýslu námssamninga og sveinsprófa af menntamálaráðuneytinu samkvæmt sérstöku samkomulagi. Segja má að það sé einn liður í þeirri stefnu að málmíðnaðurinn verði virkari þátttakandi í framkvæmd iðnnámsins og þeirri endurmenntun sem sífellt verður að eiga sér stað.

MATVÆLA- OG FÓÐURÍÐNAÐUR

Starfsumhverfi matvælaíðnaðarins hefur einkennst af þeirri þenslu sem almennt ríkir í þjóðfélaginu. Þetta birtist m.a. í mikilli manneklu sem fyrirtækin eiga við að stríða. Talsverð hreyfing er á fólki og mikill kostnaður fer í að þjálfa fólk, sem þrátt fyrir launaskrið gengur illa að halda í. Margir hafa brugðið á það ráð að flytja inn vinnuafli. Það er hins vegar ekki eins einfalt og ætla mætti því að meðhöndlun viðkvæmra hráefna eins og matvæla krefst skýrra tjáskipta sem í sumum tilvikum leiðir til að fyrirtækin þurfa að ráða túlk til að tryggja gagnkvæman skilning.

MATVÆLALÖGGJÖF

Árið 1998 létu SI gera úttekt á íslenskri matvælalöggjöf og voru helstu niðurstöður kynntar í síð-

ustu ársskýrslu. Í framhaldi af úttektinni voru niðurstöður kynntar opinberum eftirlitsaðilum auk þess sem gerðar voru tillögur um einföldun og bætt aðgengi löggjafans. Óskað var eftir að opinberir aðilar tækju við þeim gagnagrunni sem varð til í verkefninu og héldu honum við. Af því hefur ekki orðið en hvort sem það er að einhverju leyti þessu verkefni að þakka eða ekki hafa eftirlitsstofnanir hins opinbera lagt mikla vinnu í að gera lög og reglur á sínu sviði aðgengilegri. Sem dæmi um það má nefna að á heimasíðu Hollustuverndar, www.hollustuver.is, er nú að finna lista yfir öll lög og reglur á matvælasviði sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Hægt er að sækja reglugerðina í heild, með áorðnum breytingum, með því að smella á titil viðkomandi reglu-

gerðar. Sama er að segja um embætti yfirdýralæknis og að nokkru leyti um Fiskistofu. Þetta er til mikilla hagsbóta fyrir framleiðendur. Einnig hefur verið gert átak í að fylgja því eftir að ekki séu settar reglugerðir á matvælasviði án þess að þær fái umfjöllun hjá Matvælaráði til að tryggja að samræmi sé milli reglna um sambærilegt efni í mismunandi starfsgreinum. Þá má nefna að umhverfisráðherra hefur boðað átak á sviði samræmingar á opinberu eftirliti og munu SI styðja þá viðleitni heils hugar.

EVROPUSAMSTARF

Samtök iðnaðarins hafa á undanförunum árum tekið þátt í samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins sem miðar að því að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrir-

tækja á matvælasviði í þróunarverkefnum sem studd eru af ESB. Möguleikar til að sækja um styrki hafa verið kynntir fyrirtækjum með bréfum, greinum í fréttabréfi og dagblöðum og á kynningarfundum. Um er að ræða mikla möguleika til að komast í samstarf við erlenda aðila, samnýta rannsóknaniðurstöður og fá styrki til að láta gera rannsóknir sem fyrirtækin hafa ekki aðstöðu til að sinna. Undirtektir hefðu mátt vera meiri en þó er vitað af nokkrum íslenskum fyrirtækjum sem hafa þegar sent inn umsóknir eða eru að undirbúa umsóknir um styrki.

GÆÐAMÁL

Matvælahópur Gæðastjórnunarfélagsins á athvarf hjá SI og heldur starfsemi sinni áfram. Á fundi hópsins var nýlega kynntur danskur staðall sem er mjög aðgengilegur til

að tryggja virkni GÁMES kerfa. Matvælahópurinn starfrækir m.a. umræðuhóp um innra eftirlit sem er öllum opin. Nýlegar kannanir sýna að full þörf er á að halda vöku sinni varðandi innra eftirlit og Samtökin hyggjast beita sér fyrir átaki í gæðamálum á komandi ári.

STARFSEMI LABAK

Landssamband bakarameistara hélt uppi öflugri starfsemi í skjóli SI. Fréttabréf félagsins kom út fjór- um sínum á árinu og tvisvar var ráðist í sameiginlegt markaðsátak með víðtækri þátttöku félagsmanna. Samstarfi við norræn systursamtök var haldið áfram og sótti formaður félagsins árlegan fund samtaka norrænna bakarasambanda. Tekið var á móti hópi sænskra bakarameistara sem hingað komu til að kynna sér íslenskan bókunariðnað og hópur íslenskra

bakara heimsótti París til að kynna sér franska brauð- og kökugerð í þeim tilgangi að innleiða franska brauðmenningu hér á landi. Þá stóð félagið fyrir nemaleppni í brauðbakstri í samvinnu við Kornax, Hótel- og matvælasvólann í Kópavogi og Klúbb bakarameistara.

LIÐSAUKI

Starfgreinahópi í matvælaíðnaði bættist öflugur liðsauki þegar Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði gerðust í heilu lagi aðili að Samtökum iðnaðarins í lok ársins, alls 12 fyrirtæki. Samtökin fagna þessum liðsauka og líta björtum augum til samstarfs á komandi árum.

PRENT- OG PAPPÍRSIÐNAÐUR

Starfgreinahópur prent- og pappírsiðnaðar hefur fundað að jafnaði hálfsmánaðarlega að vetrinum en sjaldnar á sumrin. Eins og áður hafa umræður um útboð og verðlagningu prentverks verið fyrirferðarmiklar sem og umfjöllun um menntun bókagerðarfólks og nýliðun.

Þátttakendur í hópnum hafa lýst verulegum áhyggjum vegna þess hve fátt ungt fólk sækir inn í greinina. Átaki til að hvetja ungt fólk til að velja bókagerðargreinar sem framtíðarstarf var ýtt úr vör á árinu. Gefinn var út bæklingur með viðtölum við ungt fólk sem starfar í greininni og var hann sendur til allra ungmenna fæddra árið 1979.

Settur hefur verið á fót samstarfs- hópur auglýsingastofa, teiknara og prentiðnaðarins um bætt samskipti

þessara greina. Fyrsta verkefni starfshópsins er að endurskoða bækling um skil á efni til prentunar og er það verk langt komið. Hið nýja kynningarrit verður væntanlega gefið út á næstu vikum.

Hinn 30. desember sl. var undirritaður samningur um sameiningu Lífeyrissjóðs blaðamanna og Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Sameiningin miðast við 1. janúar sl. og gengur endanlega í gildi 1. apríl nk.

PRENTÆKNISTOFNUN

Starfsemi Prenttæknistofnunar var með hefðbundnum hætti. Tölvunámskeið einkenndu starfsemina eins og endranær. Haldin voru um 130 námskeið sem rúmlega 700 manns sóttu. Ráðstefnan „Nám á nýrri öld“ var haldin á vor-

dögum þar sem Baldur Gíslason kynnti nýjar hugmyndir um nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Tveir erlendir fyrirlesarar sögðu frá tilhögun náms á Norðurlöndum. Einnig ávarpaði menntamálaráðherra Björn Bjarnason ráðstefnuna. Fyrstu nemendur úr Margmiðlunarskólanum útskrifuðust um vorið og að hausti voru 20 nýir nemendur innritaðir. Það sem vakti þó mesta athygli í starfsemi Prenttæknistofnunar var að gengið var til samstarfs við Rafiðnaðarskólann um stofnun nýs tölvuskóla sem fékk heitið Margmiðlunarskólinn. Tilgangurinn með stofnun skólans er að svara þörf og örva nýsköpun í atvinnulíf- inu. Margmiðlunarskólinn er byggður á þeirri sérþekkingu og þeim árangri sem skólar Rafiðnaðarskólans

og Prenttæknistofnunar hafa náð á undanförnum árum. Í boði verður bæði langt og stutt nám. Lengra námið verður tveggja ára nám í margmiðlun þar sem stefnt er að því að nemendur geti að loknu námi

farið með sín gögn og upplýsingar í prent-, marg-, vef-, hljóð-, eða myndmiðla. Einnig verða í boði mörg stutt námskeið. Skólinn er rekinn sameiginlega af Rafiðnaðarskólanum og Prenttæknistofnun

sem flytur starfsemi sína í sama húsnæði að Faxafeni 10. Starfsemi Prenttæknistofnunar verður skilgreind í nýju hlutverki þar sem lögð verður áhersla á fagnámskeið fyrir prentiðnaðinn.

RAFEINDA- OG UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐUR

UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐUR

Mikilvægi upplýsingatækniiðnaðarins fyrir íslenskt þjóðarþú eykst hröðum skrefum. Samkvæmt skilgreiningu á upplýsingatækniiðnaði og könnun, sem unnin var á vegum SI, var velta iðnaðarins á árinu 1998 um 43 milljarðar króna hér á landi og hafði vaxið um 12% frá árinu á undan. Frá árinu 1995 hefur ársvelta í greininni aukist um 17 milljarða króna. Upplýsingatækniiðnaður aflaði um 4% þjóðartekna árið 1998 eða um 18,3 milljarða króna. Fyrir þremur árum var hlutdeild greinarinnar í þjóðartekjum um 3,1%. Samkvæmt könnuninni kemur fram að mjög vaxandi hluta teknanna var aflað með útflutningi. Árið 1990 voru útflutningstekjur greinarinnar 25 milljónir króna en á sl. ári má gera ráð fyrir að þær hafi farið yfir tvo milljarða króna og því ríflega 80-faldast á átta árum. Nú samsvara útflutningstekjur um 28% af heildarveltu fyrirtækja sem starfa að hugbúnaðargerð og ráðgjöf en samsvarandi hlutfall fyrir árið 1995 var 16%. Þetta sýnir að upplýsingatækniiðnaðurinn byggir vöxt sinn í vaxandi mæli á sókn inn á erlenda markaði.

Árið 1998 störfuðu 4.000 manns í upplýsingatækniiðnaði hér á landi eða um fjórðing af hverjum hundrad í einkageiranum. Frá árinu 1993 hefur störfum í greininni fjölgað um meira en helming. Fjölgunin varð að mestu leyti í hugbúnaðargerð og

ráðgjöf en þar hafa bæst við 800 störf. Samtök iðnaðarins hafa lagt aukna áherslu á að þjóna upplýsingatækni- og þekkingariðnaði og til marks um það er Iðnþing 2000 helgað upplýsingatækninni.

VEFUR UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐAR UT.IS

Síðastliðið vor héldu SI og Samtök íslenskra hugbúnaðarframleiðenda kynningarfund um upplýsingatækniiðnað og framtíðarsýn hans. Markmiðið var að vekja athygli á upplýsingatækniiðnaði og mikilvægi hans fyrir íslenskt efnahagslíf.

Samfara kynningunni var opnaður vefur upplýsingatækniiðnaðar á slóðinni: www.ut.is. Vefurinn, sem er bæði á íslensku og ensku, inniheldur m.a. skilgreiningu á iðnaðinum, tölfraði, stefnumótun og framtíðarsýn sem unnið var að í framhaldi af stefnumótun í upplýsingatækniiðnaði. Einnig er að finna upplýsingar og fréttir um þau verkefni og málefni sem unnið er að fyrir upplýsingatækniiðnað á vegum SI og SÍH.

VÍKING - „RAFRÆNN TÆKNIGARÐUR“

Sl. ár tóku Samtök iðnaðarins þátt í uppbyggingu rafræns tæknigarðs eða „Virtual technology park“ þar sem byggðar verða upp fimm skilgreindar rafrænar þjónustur fyrir upplýsingatækniiðnað. Verkefnið

nefnist VIKING (Virtual Information and Knowledge In the Northern software alliance Group) og er samstarfsverkefni Northern Software Alliance (NSA) en það er samstarfsvettvangur hagsmunasamtaka í upplýsingatækniiðnaði í norðanverðri Evrópu. Innan þeirra samtaka eru um 750 upplýsingatæknifyrirtæki frá Svíþjóð, Danmörku, Skotlandi, N-Írlandi og Íslandi.

Þær rafrænu þjónustur, sem byggðar verða upp, eru aðgengilegar af vefnum (www.nsviking.net) og eru þær ýmist opnar öllum vefnotendum eða lokaðar öðrum en þeim sem úthlutað hefur verið notendanafni og lykilorði.

Stefnt er að frekari þróun rafræna tæknigarðsins á þessu ári. Í mars er fyrirhuguð Viking ráðstefna og stefnumót fyrirtækja þar sem meginþemað verður samstarf og viðskiptatækifæri upplýsingatæknifyrirtækja.

MIDAS-NET VERKEFNIÐ

Í árslok lauk rekstri MIDAS-NET skrifstofunnar sem rekin var undir forystu SI. Hlutverk hennar var að styðja við framleiðslu og útgáfu á evrópsku margmiðlunarefni og auka notkun almennings og fyrirtækja á því.

MIDAS sá m.a. um rekstur evrópsku samstarfsverkefnana MLIS og MAGNET fyrir Íslands hönd. MLIS áætlun ESB lýtur að því að styrkja

og laga lítil málsvæði að þeim breytingum sem upplýsingasamfélagið og upplýsingatækni hafa í för með sér. Á þessum vettvangi stóð MIDAS fyrir ráðstefnum með erlendum sérfræðingum í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Útflutningsráð og fleiri aðila. Rannsókn var gerð á tungumálakunnáttu og þörf íslenskra fyrirtækja fyrir bækling um sama efni í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Að MAGNET verkefnum komu ýmis margmiðlunarsamtök í Evrópu, skiptust á upplýsingum og unnu saman að ýmsum verkefnum. MIDAS-NET hér á landi hafði yfirmumsjón með könnun á aðstæðum margmiðlunarframleiðenda á Íslandi og Grikklandi og voru niðurstöðurnar bornar saman við rannsóknir frá ýmsum öðrum löndum.

UPPLÝSINGA- OG FJÖLMIÐLAGREINAR

Um mitt síðasta ár tók til starfa Starfsgreinaráð fyrir upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Það er skipað samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/96 og eiga sæti í því þrjár fulltrúar launþega, þrjár fulltrúar atvinnurekenda og einn fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu. Hlutverk starfsgreinaráðsins er meðal annars að:

- Skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna
- Gera tillögur um breytta skipan náms í þeim starfsgreinum er undir ráðið heyra
- Gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum

Strax eftir stofnun Starfsgreinaráðsins var hafist handa um að skoða og endurskipuleggja það nám sem fyrir hendi er og einnig að leggja grunn að nýju námi. Í framhaldsskólunum hefur heildstætt

nám ekki verið í boði í nýjustu tækni fyrir það upplýsinga- og tæknisamfélagi sem við lifum nú í.

Atvinnulífið hefur að undanförunu leitað að fólki með millimenntun í þessum greinum en á því er mikill skortur.

NÝTT NÁM Í UPPLÝSINGA- OG FJÖLMIÐLAGREINUM

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina hefur að leiðarljósi að nýtt námsskipulag skili:

- Nemendum fjölbreyttu og spennandi námi
- Fyrirtækjunum vel menntuðu starfsfólki
- Skólunum góðu menntakerfi.

Tillögur um breytt skipulag voru lagðar fram á ráðstefnunni Nám á nýrri öld sem Prenttæknistofnun hélt 27. mars sl. Þar lýsti menntamálaráðherra yfir stuðningi menntamálaráðuneytisins við þann ramma og er nú unnið áfram við nánari útfærslur á þessum tillögum.

KYNNING Á UPPLÝSINGA-TÆKNIÐNAÐI

SI og SÍH héldu sl. vor kynningu á upplýsingatækniðnaði og framtíðarsýn hans. Markmiðið var að vekja athygli á upplýsingatækniðnaði og mikilvægi hans fyrir íslenskan efnahag. Útflutningur greinarinnar hefur að jafnaði tvöfaldast árlega frá 1990 og var rúmlega tveir milljarðar á síðasta ári. Eftirfarandi áherslur voru hafðar að leiðarljósi við kynninguna:

Auðlind framtíðarinnar

Íslenskur upplýsingatækniðnaður nýtir hugviti, auðlind framtíðarinnar til að skapa þjóðinni tekjur og vel launuð störf. Með hugviti hefur greinin stuðlað að miklum framförum í íslensku atvinnulífi.

Lífvenleg starfskilyrði

Til að nýta þau tækifæri, sem fel-

ast í íslenskum upplýsingatækniðnaði þurfa stjórnvöld að sýna greininni velvild og skilning, setja einfaldar og skýrar leikreglur og stuðla að öruggu réttarhari.

Skattalegt umhverfi má ekki setja greininni þröngri skorður en gengur og gerist í samkeppnishöndum. Skattkerfið þarf að hvetja til fjárfestinga innlendra og erlendra aðila, styðja við útrás upplýsingatækniðnaðar og ýta undir kröftugt nýsköpunar- og þróunarstarf.

Tryggja þarf greininni aðgang að fullnægjandi fjarskiptakerfi, innanlands og við útlönd, á samkeppnishæfu verði. Koma þarf á frelsi í fjarskiptum, opna aðgang að opinberum dreifikerfum og skapa aukinni samkeppni góð skilyrði.

Öflugt menntakerfi

Öflugt menntakerfi á öllum skólastigum er forsenda vaxtar og samkeppnishæfni upplýsingatækniðnaðar á Íslandi. Mikilvægt er að menntakerfið fullnægi vaxandi þörf greinarinnar á vel menntuðu og hæfu starfsfólki.



Auka þarf til muna námsframboð í upplýsingatækni á háskólastigi og efla almenna tölvuþekkingu á öðrum námsbrautum. Leggja þarf grunn að framtíðinni með öflugri kennslu í upplýsingatækni í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

2000 VANDINN

Fáu ef nokkru höfðu menn eins miklar áhyggjur af um síðustu áramót og því að ýmis vandamál kæmu upp þegar nota þyrfti ártalið 2000 í tölvuvinnslu. Hætta var á að tölvu-kerfin myndu stöðvast eða það sem verra var, héldu áfram að starfa en á röngum forsendum. Fyrirtækin tóku flest á sínum málum af fyrirhyggju og SI lögðu þar sitt af mörkum við að vekja menn til vitundar um vandann, t.d. með grein-

um í Íslenskum iðnaði. Þá var haldinn félagsfundur um málið og í kjölfar hans námskeið og kynning þar sem Guðmundur Guðmundsson verkefnisstjóri ár 2000 mála hjá Reiknistofu bankanna fór í helstu atriði 2000 vandans. SI settu upp sérstakan vef, eða upplýsingabrunn, sem innihélt m.a. lýsingu á hefðbundinni aðferðafræði við framvindu ár 2000 verkefna, yfirlit yfir þjónustuaðila slíkra verkefna og upplýsingar frá seljendum og framleiðendum helsta vél- og hugbúnaðar sem er í notkun hjá fyrirtækjum.

Einnig stóðu Samtökin að könnun á stöðu árs 2000 verkefna hjá um 20 framleiðslufyrirtækjum innan SI. Í ljós kom að mörg fyrirtækjanna höfðu endurnýjað upplýsingakerfi sín að miklu leyti og í mörgum tilvikum hafði yfirvofandi alda-

mótavandi flýtt fyrir þeirri þróun. Ekki er þó hægt að segja að endurnýjunin hafi einvörðungu átt sér stað vegna vandamála sem upp kynnu að koma í tölvuvinnslu við áramótin. Í flestum tilvikum höfðu fyrirtækin ekki rekist á stórvægileg vandamál í framleiðsluferfum, heldur töldu oftast að þörf hefði verið á uppfærslu bókhalds- og tímaskráningarkerfa, netþjóna og vinnustöðva.

Erfitt er að meta kostnað vegna 2000 vandans hjá fyrirtækjunum þar sem uppfærsla upplýsingakerfanna var oft á tíðum hluti af eðlilegri þróun þar sem notkun upplýsingatækni hefur aukist stórlega hjá fyrirtækjum sem tæki til kynninga, samskipta og stjórnunar.

STÓRIÐJA

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF.

Sementssalan jókst um rúmlega 11% á sl. ári frá fyrra ári og varð um 130.800 tonn sem er mesta árssala síðan 1988. Aukningin stafar eingöngu af mikilli sölu til almennra framkvæmda, þ.e. íbúða- og atvinnuhúsnæðis.

Rekstrarafkoma fyrirtækisins var þokkaleg en ráðist var í viðamiklar en nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir á árinu.

Sementsverð var óbreytt frá lokum fyrra árs. Framleiðslugeta brennsluofns verksmiðjunnar var nýtt að fullu.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að sementssalan verði heldur minni en á nýliðnu ári. Gert er ráð fyrir góðri afkomu fyrirtækisins á árinu.

KÍSILIÐJAN HF.

Árið 1999 var að mörgu leyti

mjög gott ár fyrir Kísiliðjuna hf. Framleidd voru 28.299 tonn sem er næstmesta framleiðslumagn frá upphafi. Aldrei hefur selst eins mikill kísilgúr frá upphafi og á síðasta ári eða tæp 30 þús. tonn. Ýmis önnur met voru slegin eins og það að aldrei áður hefur eins lítið þurft að endurvinna framleiðsluvöru, eða 1,4% miðað við 3,3% árið áður, sem þá var í góðu meðallagi. Á árinu tókst að lækka ýmsan framleiðslukostnað varanlega. Þrátt fyrir þennan góða árangur varð afkoma fyrirtækisins ekki viðunandi. Meginorsök þess er að staða krónunnar gangvart evrópskum gjaldmiðlum styrktist til muna. Jafnframt hefur samkeppni á Evrópumarkaði aukist á undanförunum árum.

Á þessu ári kemur í ljós hvort Kísiliðjan hf. fær aukin námuréttindi í Syðriflóa Mývatns. Unnið

verður ötullega að því að svo verði. Jafnframt verður leitað allra leiða til að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækisins.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF.

Árið 1999 var ár mikilla framkvæmda og breytinga hjá Íslenska járnblendifélaginu en erfiðleikar stöðjuðu einnig að rekstrinum. Undir lok 1998 var slökkt á báðum ofnum verksmiðjunnar vegna orkuskömmunar. Fyrri ofninn var gangsettur 1. janúar en sá síðari 1. febrúar 1999. Báðir ofnarnir voru komnir í fullan rekstur í mars. Lokid var við byggingu þriðja og stærsta ofns félagsins undir lok ársins en framkvæmdir við hann hófust í mars árið 1998. Nýi ofninn eykur framleiðslugetu verksmiðjunnar um 60%. Járnblendifélagið framleiddi

72.327 tonn af 75% kísiljárnri á árinu 1999 og 18.405 tonn af kísilryki. Framleiðsla á kísiljárnri var allnokkuð undir áætlaðri framleiðslugetu verksmiðjunnar á árinu en það skýrist af orkuskorti og erfiðleikum í ofnrekstri undir lok ársins, einkum við gangsetningu á nýja ofninum. Salan var góð allt árið, bæði á kísiljárnri og kísilryki. Verð á kísiljárnri var mjög lágt allt árið.

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Afkoma félagsins var góð á síðasta ári þrátt fyrir lágt verð framan af ári og ítrekaðan orkuskort vegna skerðingar á ótryggðri orku. Reksturinn var í góðu jafnvægi á árinu og varð framleiðsla í kerskálum 163.370 tonn eða um 1.000 tonn um meiri en árið á undan. Ef ekki hefði komið til orkuskorts hefði framleiðslan orðið um 5.000 tonn um meiri.

Álverð hélst lágt á fyrsta ársfjórðungi og var komið niður í 1160 USD á tonn í byrjun mars. Á öðrum ársfjórðungi fór það að hækka og var komið í 1400 USD á tonn í lok ársfjórðungsins. Hækkunin hélt áfram og í lok september var verðið komið í 1530 USD á tonn og í desember fengust 1600 USD á tonn.

Unnið var að ýmsum umbótum í umhverfismálum á árinu. Endurbætur á kerþekjum héldu áfram og langt er komið með endurnýjun á þurrhrensistöðvum 1 og 2 sem orðnar eru meira en 15 ára gamlar. Með þessum framkvæmdum verður starfsumhverfið bætt og hreinsigeta stöðvanna aukin verulega.

Ekki varð af sameiningu VIAG og algrou eina og stóð til í byrjun síðasta árs. Í ágúst sl. tilkynntu Alcan, Pechiney og algrou væntanlegan samruna þessara þriggja álfyrirtækja en efnaiðnaður algrou samsteypunnar (Lonza) var undanskil-

inn. Að lokinni sameiningu er gert ráð fyrir að eignarhlutinn skiptist á hluthafa þannig að Alcan hluthafar fái 44%, Pechiney 29% og algrou 27%. Framleiðslugeta álbræðslna nýju samsteypunnar er yfir þrjár milljónir tonna og verður þetta næststærsta álfyrirtæki í heiminum á eftir sameinuðu fyrirtæki Alcoa og Reynolds í Bandaríkjunum, sem einnig eru á samrunastigi. Gert er ráð fyrir að samrunaferlinu ljúki nú á fyrri hluta árs.

STEINULLARVERKSMIÐJAN HF.

Framleiðsla Steinullarverksmiðjunnar hf. á síðasta ári varð um 7850 tonn sem er um 6% aukning frá fyrra ári og framleiðslumet.

Heildarsala ársins varð um 172 þús. rúmmetrar sem um 7% meira magn en árið áður og mesta sala frá upphafi rekstrar árið 1985.

Tekjur fyrirtækisins hækkuðu um 8% frá fyrra ári og námu um 672 millj króna. Salan á innanlandsmarkaði jókst um 18% en útflutningur minnkaði nokkuð og nam útflutningsverðmæti síðasta árs um 30% af tekjum fyrirtækisins. Eins og undanfarin ár var mest flutt út til Bretlands.

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir svipuðum rekstri á þessu ári og hinu síðasta og er áætlað að starfsmannafjöldi verði óbreyttur (42) og að framleitt verði áfram á þrískiptum vöktum.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.

Reikningsár Áburðarverksmiðjunnar er frá 1. september til 31. ágúst. Á því reikningsári sem lauk 31. ágúst sl. var reksturinn með svipuðu sniði og undanfarin ár. Áburðarverksmiðjan seldi um 52.000 tonn af áburði á árinu, sem var um 4% aukning frá árinu á undan. Framleiðsla og sala voru nokk-



urn veginn í jafnvægi. Allnokkurt tap varð af rekstrinum.

Í byrjun árs 1999 var Áburðarverksmiðjan auglýst til sölu og seld hæstbjóðanda í kjölfarið. Kaupandi var hópur fjárfesta undir forystu Haraldar Haraldssonar. Nýir eigendur tóku við rekstrinum í byrjun mars.

Þegar nýir eigendur komu að rekstrinum var langt liðið á áburðarvertíðina og ekki hægt að breyta miklu varðandi síðasta reikningsár. Mikil hagræðing hefur hins vegar átt sér stað sem vænta má að skili sér í betri rekstri á komandi árum. Auk hagræðingar innan verksmiðjusvæðisins hefur tekist að lækka flutnings- og dreifingarkostnað verulega. Þrátt fyrir kostnaðarhækkunir innanlands hefur áburðarverð haldist óbreytt sem þýðir raunlækkun.

Á haustmánuðum kynnti verksmiðjan nýtt sölufyrirkomulag þar sem bændum er gert kleift að skipta beint við Áburðarverksmiðjuna og tryggja sér þannig bestu fánlegu kjör. Jafnframt eru bændur hvattir til að kaupa og taka áburð fyrir en venjan hefur verið.

Áætlun komandi reikningsárs gerir ráð fyrir hagnaði.

ÞJÓNUSTUIÐNAÐUR



Til þjónustuiðnaðar innan Samtaka iðnaðarins teljast háriðnir, snyrtifræði, gullsmíði, ljósmyndun, úrsmíði, tannsmíði og fataiðnaður.



Í öllum þeim greinum starfa sérstök félög. Samtök iðnaðarins veita stjórnum félaganna ráðgjöf og upplýsingar þegar óskað er eftir.



Jafnframt hafa SI tekið að sér að halda bókhald, sjá um innheimtu og ýmislegt fleira er snertir daglegan rekstur félaganna.

Einstakir félagsmenn þessara félaga fá milliliðalaus aðstoð sé eftir henni leitað. Starfandi er sérstakur tengslahópur félaganna við SI. Þar koma saman einn fulltrúi frá hverju félagi ásamt starfsmanni SI. Hópurinn reynir að koma saman mánaðarlega. Sl. ár var hátíðarár að því leyti að nokkur félaganna áttu stórafmæli. Þeirra á meðal var Félag íslenskra snyrtifræðinga sem varð 20 ára 3. mars. Tuttugu ár eru kannski ekki langur tími en talsvert hefur samt áunnist í starfi félagsins

á þessum tíma. Haldið var veglegt afmælishóf á veitingastaðnum Sól-on Íslandus af þessu tilefni.

Félag íslenskra gullsmiða hélt 75 ára afmæli sitt hátíðlegt á árinu. Félagið var stofnað 19. október 1924 og á sér því langa og merkilega sögu. Í tilefni af þeim tímamótum stóð félagið fyrir afmælistýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur sem var ákaflega vel sótt. Þótti gestum sem sýningarstaðurinn skapaði veglega umgjörð um sýningargripina.

Á sl. ári var einnig stofnað nýtt félag sem hlaut nafnið Meistarafélag í hárgreiðslu. Stofndagur var 2. mars. Félagar í Hárgreiðslumeistarafélagi Íslands og í Meistarafélagi hárskera sameina krafta sína í hinu nýja félagi en það er í eðlilegu framhaldi af því sem hefur gerst í menntunarmálum þeirra. Við stofnun félagsins var samþykkt að félagið gerðist aðili að SI. Af sameiningu tveggja félaga ætti að verða nokkur hagræðing og starf félagsins markvissara sé til lengri tíma litið.

Seint á árinu barst erindi frá menntamálaráðuneytinu til fjögurra af félögunum þess efnis að

ráðuneytið stefndi að viðræðum við Fræðsluráð málmíðnaðarins um að það tæki að sér að sjá um sveinspróf í tilheyrandi iðngreinum. Af þessu tilefni var haldinn fundur með ráðuneytismönnum ásamt tveim fulltrúum SI. Þetta erindi vakti óneitanlega upp umræðuna um menntamál fámennra iðngreina og þá sérstaklega svonefndra þjónustugreina. Vart verður lengur við það unað af hálfu félaganna að skipulag endurmenntunar er varla til jafnvel þótt einstök félög séu dugleg að halda námskeið og stuðli þannig að endurmenntun félagsmanna sinna. Auðvitað er ljóst að fagleg endurmenntun er mál hvers félags. Hins vegar er svo margt annað á boðstólum í endurmenntun sem félögin geta nýtt sér sameiginlega og með þeim hætti sparað fjármuni þegar á heildina er litið.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Markmið Samtaka iðnaðarins er að auka hlutdeild framleiðenda á innanlandsmarkaði og styrkja enn frekar möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sóknartækifærum erlendis. Áhersla er lögð á aukið samstarf fyrirtækja og hagsmunaaðila í klæðskerasniðnum auglýsingaherferðum og beinskeyttum áróðri innanlands í miðlun upplýsinga og fræðsluefnis um markaðsmál og með stórauknu samstarfi í útrásarverkefnum Íslendinga á alþjóðavettvangi. Sem hluta af þeim markmiðum, sem hér um ræðir, má nefna eflingu vöruþróunarsamstarfs framleiðenda og kaupenda, fjölgun fjárfesta í iðnaði og stórlega bættu ímynd ungs fólks á íslenskri framleiðslu og menntun í iðngreinum. Öflugt markaðs- og kynningarstarf, jafnt á heimamarkaði sem erlendis, er þýðingarmikil forsenda fyrir vexti og framþróun íslensks atvinnulífs til framtíðar.

Helstu viðburðir ársins 1999 eru sem hér segir:

MIKILVÆGI UT-IÐNAÐAR Á ÍSLANDI

Auglýsingaherferð og kynning SI og SÍH á mikilvægi íslensks upplýsingatækniiðnaðar. Vefurinn www.ut.is var opnaður en hann inniheldur ýtarlegar upplýsingar um íslenskan UT-iðnað, fyrirtækin og málefnið jafnt á íslensku og ensku.

VÍNFLÖSKUTAPPAR

Samkeppni á vegum SI og FÍG, Félags íslenskra gullsmíða, um hönnun og smíði á „karlmannlegasta“ og „kvenlegasta“ vínflöskutappanum fór fram sl. vor. Keppnin var tvímælaust ein besta leiðin til að vekja heila starfsgrein til vitundar um möguleika í nýsköpun og markaðssetningu sem og til

að kynna almenningi faglega þjónustu gullsmíða. Gripir í keppninni voru sýndir og verðlaunaðir á sýningunni Lífsstíll '99 í maí en hafa frá þeim tíma verið á nokkurs konar sýningarferð um landið með viðkomu m.a. í Leifsstöð og útsölustöðum ÁTVR.

BYGGINGADAGAR '99

Áhrifarík stórsýning fyrirtækja og fagfélagá í byggingariðnaði var haldin á sl. ári. Ljóst er á niðurstöðu viðhorfskönnunar sem gerð var meðal sýnenda á Byggingadögum '98 og '99 að 75% þeirra telja að sýningin hafi skilað þeim aukinni sölu á vöru og þjónustu auk þess sem hún er talin vera góður vettvangur til að stefna saman fagmönnum og fyrirtækjum í byggingariðnaði og almenningi.

MATARTÍMINN '99

Haldin var árleg kaupstefna matvælaíðnaðarins og SI með innkaupendum undir yfirskriftinni „Matartíminn.“ Kynntar voru afurðir og hráefni til matargerðar fyrir innkaupa- og framreiðsluaðila stóreldhúsa, vinnustaða, hótela, veitinga- og gísthúsa ásamt fulltrúum úr ferðaþjónustu á Íslandi.

„PEIR BAKA EKKI ALLT ÖMMU SÍNA“

Árangur öflugs markaðs- og kynningarstarfs Landssambands bakarameistara í samráði við SI er að skila sér í aukinni neyslu brauða og kornmetis á Íslandi. Á árinu var efnt til átaksverkefna á borð við „Brauð í öll mál“ og „Ítalskir dagar“ auk velheppnaðrar kynnisferðar um völunderhús brauðgerðarlistar að frönskum hætti.

LÍFSSTÍLL '99

Glæsileiki og munaður voru í

fyrirrími á Lífsstíll '99, vöru- og þjónustusýningu, sem haldin var á vormánuðum. Meðal sýnenda voru fagfélög meistara í gullsmíði, hárgreiðslu, snyrtingu og fataiðn. Haldnar voru tiskusýningar og þjónusta þessara iðngreina kynnt.



SÍMENNTUN EYKUR ARÐ

Á Degi símenntunar, sem haldinn var um land allt, sameinuðust iðngreinar og fagfélög í byggingariðnaði SI að kynna menntun og möguleika til símenntunar í húsnaði RB að Keldnaholti. Framtakið var gott en ljóst er að kynning af þessu tagi þarf að vera á vormánuðum en ekki að hausti. Á sama tíma lögðu SI af stað með kynningarátak undir yfirskriftinni „Símenntun eykur arð“ þar sem markmiðið var að vekja athygli á þeim sameiginlegu hagsmunum sem felast í aukinni menntun, bæði fyrir fyrirtækin og starfsfólk þeirra.

„ÞAÐ MÁ EKKI AUGLÝS'ANN“

Á sama tíma og Hæstiréttur úrskurðar algert auglýsingabann á íslenska bjórframleiðendur – flæða erlendar bjóraglýsingar hindrunarlaust yfir landann gegnum ljósvakamiðla, tímarit og í umhverfismerkingum. Í tilefni af því auglýstu SI og framleiðendur fátalíka málsins og kynntu landsmönnum hina þrælskókku samkeppnisstöðu sem íslenska ölgerðin þarf að búa við.

HÖNNUNARDAGUR 1999

Íslensk hönnun og framleiðsla húsgagna var í sviðsljósinu þegar afhent voru verðlaun og viðurkennningar á Hönnunardegi Samtaka iðnaðarins 1999.

UMBÚÐASAMKEPPNIN 1999

Umbúðasamkeppni Samtaka iðnaðarins hefur verið haldin á þriggja ára fresti allt frá árinu 1968. Skilafrestur í Umbúðasamkeppninni 1999 rann út um miðjan október og bárust 23 tilnefningar í keppnina eða alls um 90 umbúðir.

VEFURINN WWW.SI.IS

Átak í kynningu á frétt- og upplýsingavef SI hefur skilað sér í stóráuknum heimsóknnum daglega. Eftirtektarvert er hversu vel fjölmiðlar fylgjast með vefnum. Nýjar fréttir á

vef SI birtast stundum á innan við klukkustund síðar í „öðrum fjölmiðlum.“ Aðgengilegar upplýsingar á vefnum eiga jafnframt stóran þátt í bættum árangri í kynningu á mál-efnum íslensks iðnaðar og Samtaka iðnaðarins.

NOKKUR ÁFRAM-VERKEFNI

Nokkur verkefni eru svokölluð „áfram-verkefni,“ þ.e. þau standa yfir í tvö ár eða lengur. Meðal þeirra má nefna kynningu til ungs fólks á iðnaði undir yfirskriftinni „Það er framtíð í iðnaði,“ samstarfsvett-

vangi framleiðenda, iðnhönnuða og SI um þróun og smíði hugmynda úr Nýsköpunarkeppni grunnskólanna undir yfirskriftinni „Taktu hugmynd í fóstur,“ „Íslensku innkaupakörfuna“ sem er kynningarátak SI með framleiðendum neytendavöru en síðast en ekki síst átaksverkefnið „Í höndum meistara“ sem ætlað er að beina sjónum almennings að handverki og faglegri þjónustu meistara í tilteknum iðngreinum.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

EVROPSKT RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSAMSTARF

Fimmta rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróunarstarf hófst á sl. ári og urðu Íslendingar aðilar að henni 30. júní sl. en í upphafi gætti nokkurrar óvissu um þá aðild. Gerð var nokkur edlisbreyting á þeirri áætlun frá hinni fjórðu þannig að nú er lögð stóraukin áhersla á rannsóknir og þróun í þágu borgaranna í stað hefðbundinnar skiptingar í undir-áætlanir á grundvelli vísindagreina eða atvinnuvega. Þetta felur meðal annars í sér að kastljósinu er nú fremur beint að notkunarsviðum en fagsviðum. Dæmi um þetta er áhersla á hollustu, umhverfi, orkuöflun, upplýsingasamfélag og öldrun. Í þessu felast ný tækifæri sem íslensk fyrirtæki jafnt og stofnanir þurfa að vera fljót að átta sig á og til-einka sér nýjar leikreglur á þessum vettvangi.

Íslendingar hafa tekið þátt í rösklega 100 verkefnum innan fjórðu rammaáætlunar ESB á undanförunum árum. Í byrjun virtist sem rannsókn- og háskólastofnan-

ir tækju fyrstar við sér en atvinnulífið hefur í vaxandi mæli nýtt sér tækifærin.

Þó er brýnt að fyrirtæki, sem leggja stund á starfsemi þar sem ný þekking og breytingar, sem af henni leiða skipta þau máli, kanni vandlega hvaða kostir eru vænlegir og meti hvort ekki megi nýta slík sóknarfæri betur. Reynslan af fjórðu rammaáætluninni sýnir að eftir töluverðu getur verið að slægjast.

KYNNINGARMÍÐSTÖÐ EVRÓPURANNSÓKNA - KER

Á sl. ári gerðust SI aðilar að Kynningarmiðstöð Evrópurannsóknna - KER í þeim tilgangi að kynna þá möguleika sem fyrirtækjum standa til boða í fimmtu rammaáætluninni. Aðrir aðilar að KER eru Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarráð Íslands sem er í forsvari fyrir starfsemi. Þessir aðilar hafa undanfarið staðið saman að umfangsmikilli kynningarstarfsemi á fimmtu rammaáætluninni m.a. í Húsi iðnaðarins. Meðal atburða, sem KER stendur

fyrir eru kynningarfundir um einstakar áætlanir og námskeið um umsóknartækni en auk þess gefur KER út fréttabréf. Aðrir mikilvægir þættir í starfsemi KERsins eru aðstoð við leit að samstarfsaðilum, miðlun upplýsinga um umsóknarfresti og styrkskilmála ásamt því að aðstoða við gerð umsókna.

SAMSTARFSVETTANGUR SJÁVARÚTVEGS OG IÐNAÐAR

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar var endurmótaður á sl. ári og ráðinn nýr verkefnisstjóri í lok árs. Iðntæknistofnun hafði tímabundið tekið að sér daglegan rekstur hans meðan á endurskipulagningu stóð. Nýsköpunarsjóður stendur nú einn að grunnfjármögnun Vettvangsins en Rannís samþykkti á síðasta ári að koma að fjármögnun verkefnisstjóra á forsendum tæknimanns á vettvangi. Það er von aðstandenda að með þeirri endurmótun, sem gerð hefur verið, aukist bolmagn hans að nýju þannig að hægt verði að taka myndarlega á samstarfsverkefnum iðnaðar- og

sjávarútvegsfyrirtækja á næstu árum.

Þetta fyrirkomulag hefur þegar margsannað gildi sitt og svo vel að áhugi hefur vaknað á því að taka það upp á fleiri sviðum.

Til þess að tryggja markvissa framkvæmd þarf Vettvangurinn að geta haldið úti starfi verkefnisstjóra, helst í fullu starfi, og komið að stuðningi við a.m.k. 15-20 verkefni á ári. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækjunum finnist ekki taka því að leita til slíks vettvangs.

Rekstrarfyrirkomulag Vettvangsins verður með svipuðu sniði og áður. Stjórnarnefnd Vettvangsins myndar mikilvægan bakhjarl hans og stuðning við fjármögnun.

SAMSTARFSVETTVANGUR UM HEILBRIGÐISTÆKNI

Eftir nokkurt umstang við að ganga frá fjármögnun hins nýja samstarfsvettvangs á sviði heilbrigðistækni hillir nú loks undir að starfsemi hans hefjist í ár. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

auk Rannís munu standa að fjármögnun hans til næstu þriggja ára. Umsvif hans nema tæpum 15 milljónum króna á ári.

Markmið samstarfsvettvangsins er að stuðla að þróun og markaðssetningu heilbrigðistæknilausna til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir. Stefnt er að þróun aðferða og tæknilegra lausna sem leiða til betri lækninga og bættrar heilsu sjúklinga, meiri hagræðingar í íslensku heilbrigðiskerfi og aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings íslenskra heilbrigðistækniyrirtækja. Á því sviði starfa nú 20-30 fyrirtæki á Íslandi bæði stór og smá.

Meginhlutverk samstarfsvettvangsins er að hvetja fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til aukins innlands og erlends samstarfs um þróunar- og markaðsmál á sviði heilbrigðistækni. Á vettvanginum er unnið að mati og fjármögnun samstarfsverkefna þar sem leitast er við að styrkja veikar hliðar verkefna og nýta tækifæri sem felast í styrkleika þeirra. Á samstarfsvettvanginum er einnig unnið að því að

bæta aðstæður þessara aðila til að geta stundað árangursríkt þróunarsamstarf.

Þessi vettvangur er því á margán hátt hliðstæða Samstarfsvettvangs iðnaðar og sjávarútvegs þótt starfsaðstæður og aðkoma fyrirtækjanna geti hugsanlega orðið með öðrum hætti.

NÝSKÖPUNARKEPPNI GRUNNSKÓLANNA

Samtök iðnaðarins eru meðal þeirra sem standa að Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og hafa gefið 1. verðlaun í flokknum Útlits- og formhönnun undanfarin 5 ár. Samtökin hafa einnig í fjórgang styrkt þróunarvinnu á einni hugmynd úr keppninni undir heitinu – „Taktu hugmynd í fóstur.“

Þróunarvinnan fer þannig fram að iðnhönnuður vinnur að útfærslu hugmyndar í samráði við hugmyndasmið auk þess sem iðnfyrirtæki kemur að frumgerðarsmiði og prófundum.

GÆÐAMÁL

Starfsemi SI á sviði gæðamála er margþætt bæði hvað varðar einstakar starfsgreinar og uppbyggingu almennrar þekkingar. SI hafa eins og áður unnið náið með Gæðastjórnunarfélagi Íslands á sviði gæðamála. Starfsmaður Samtakanna gegndi m.a. formennsku í matvælahópi félagsins og starfsmenn hafa tekið þátt í faghópum félagsins. Þá stóðu SI og GSFÍ ásamt Gallup að stofnun sérstaks félags á síðasta ári undir nafninu „Íslenska ánægjuvögin“ um þátttöku í stóru evrópsku samstarfsverkefni um


þróun evrópskrar ánægjuvogar „European Customer Satisfaction Index.“ Þetta verkefni var kynnt sem aðalefni Iðnþingsins á sl ári.

ÍSLENSKA OG EVRÓPSKA ÁNÆGJUVOGIN

Ísland var í hópi 11 Evrópulanda sem þátt tóku í Evrópsku ánægjuvöginu. Fleiri en 50.000 viðskiptavinir fyrirtækja í þessum löndum voru spurðir ýtarlegra spurninga um viðskipti sín við tiltekin fyrirtæki í völdum starfsgreinum. Á Íslandi voru um 7000 viðskiptavinir

fyrirtækja í fimm starfsgreinum spurðir.

Ánægjuvög viðskiptavina eða „Customer satisfaction index“ er, eins og áður hefur verið kynnt, ný aðferð til að meta og benda á leiðir til bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana í öllum starfsgreinum á forsendum gæða. Hún er samræmdur tölfræðilegur mælikvarði á nokkra lykilþætti sem snúa að ánægju viðskiptavina fyrirtækja og stofnana. Vögin er á skalanum 0-100, sem byggður er á svörum við 30-35 spurningum til 250-300 við-



skiptavina sem valdir eru samkvæmt slembiúrtaki.

Mælingarnar á þessu fyrsta starfsári vogarinnar þóttu takast mjög vel og voru niðurstöðurnar sérstaklega athyglisverðar fyrir Ísland. Ísland kom best út í heildarsamburði þegar tekið var vegið meðaltal af þeim greinum sem mældar voru í Evrópu. Íslenskir komu vel út í samburði við aðra banka í Evrópu og komu best út úr hópi 11 Evrópuþjóða sem mældu ánægjuna í bankagreininni.

Íslensku bankarnir fengu að meðaltali 76,76 stig á ánægjuvöginni og 79,78 stig í trygð.

Fyrir íslenska framleiðendur kjötáleggis og gosdrykkja var niðurstaðan ekki síður glæsileg í samburði við bankana. Ánægjuvogin fyrir kjötáleggð var 76,36 stig en 75,37 stig í gosdrykkjum.

Farsímafyrirtæki og váttryggingarfélag komu þar nokkuð á eftir með um 70 stig en íslensku farsímafélögin voru þó langefst í Evrópu í sinni grein í trygð með 79,73 stig.

Hæstu einkunn fyrir trygð í einstaka starfsgreinum í Evrópu gáfu hins vegar viðskiptavinir íslenskra framleiðenda kjötáleggis eða hvorki meira né minna en 83,76 stig. Þótt ekki liggi fyrir jafngóðar samburðarmælingar í öðrum greinum í Evrópu og í banka- og farsímagreinunum sýnir samburður greina sem við þó höfum að íslenskir matvælaframleiðendur standa sig mjög vel að mati viðskiptavina þeirra.

Það er ljóst að Evrópska ánægju-

vogin hefur haslað sér völl til fram-búðar. Mikil ánægja ríkir með hversu vel forverkefnið tókst á sl. ári og nú er framhaldið í fullum undirbúningi. Í því sambandi hefur orðið vart mikills áhuga fleiri ríkja og starfsgreina á að bætast í hópinn.

Að Íslensku ánægjuvöginni standa, eins og áður sagði auk Samtaka iðnaðarins, Gæðastjórnunarfélag Íslands og Gallup en Nýsköpunarsjóður og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið komu að fjármögnun tilraunverkefnisins á fyrsta ári. Aðstandendur hópsins hér á landi hafa fullan hug á að taka virkan þátt í framhaldi verkefnisins enda eigum við heiður að verja.

STAÐLAMÁL

Á sl. ári var unnið að endurmótun á stefnu Staðlaráð Íslands. Fylgt var þeirri aðferðafræði sem SI hafa þróað undir stjórn starfsmanna SI. Lögð var áhersla á að fá breiðan hóp hagsmuna- og viðskiptaaðila starfseminnar að þessari vinnu. Í hópnum voru bæði starfsmenn og aðildarfrýrtæki SI. Óhætt er að fullyrða að góð samstaða hafi náðst um framtíðasýn og forsendur staðla-starfseminnar til næstu ára og skýr forgangsröðun verkefna liggur nú fyrir.

Í framhaldi af þessari vinnu hefur verið unnið að verkefnum sem áhersla var lögð á.

Þau eru:

- Endurskipulagning á samskiptum við faghópa

- Gæði í innri starfsemi STRÍ
- Endurskipulagning á þjónustu við faghópa og viðskiptavini
- Verkefnastjórnun og fjármögnun sérverkefna
- Kynningar- og markaðsmál, m.a. frekari uppbygging vefjarins
- Tengsl staðla við lög og reglugerðir
- Fræðsla um notkun og innihald staðla
- Útgáfa kynningar- og leiðbeiningarrita
- Vöktun Evrópustaðla og CE-merkingar
- Tengsl við stjórnvöld

SI hafa frá upphafi átt fulltrúa í stjórn STRÍ og tekið virkan þátt í starfi flestra fagráða og fagstjórna sem starfa á sviði byggingariðnaðar, upplýsingatækni, raftækni, vél-

tækni, auk gæða- og umhverfisstjórnunar.

MENNTAMÁL

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár lagt vaxandi áherslu á að menntakerfið þjóni atvinnulífínu og möguleikar þess til að efla hag fyrirtækjanna séu nýttir. Framboð menntunar á sviði hátækni og upplýsingatækni þarf að vera fjölbreytt. Á þessu sviði er vöxtur í iðnaði einna hraðastur, starfsmönnum fjölgar einna mest og þar verða til dýrmæt störf. Í hefðbundnum iðngreinum hafa einnig átt sér stað örur breytingar sem krefjast aukinnar þekkingar og færni starfsmanna. Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að menntakerfið fylgi eftir þróun atvinnulífsins og sinni þörfum fyrirtækjanna fyrir góða og arðvænlega menntun.

TÆKNIHÁSKÓLINN

Samtök iðnaðarins hafa í rúmt ár leitt umræðu helstu fyrirtækja sinna um spurninguna: „Hvernig geta háskólar þjónað fyrirtækjunum betur?“ Þörf fyrirtækja SI fyrir öflugri háskólamenntun, sérstaklega á sviði verk- og tæknimenntunar er brýn. Málefni Tækniskóla Íslands hafa blandast í þessa umræðu. Samtök iðnaðarins eygja tækifæri til að ná fram sjónarmiðum sínum m.a. með því að taka þátt í endurskipulagninu TÍ í þeim tilgangi að þjónusta skólans við atvinnulífið verði markvissari en nú er. Samtökin hafa átt viðræður við ýmsa aðila um að taka yfir rekstur Tækniskólans og þróa hann á háskólastigi. Auk félagasamtaka í atvinnulífínu og rannsóknastofnana voru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík virkir í umræðunni. Niðurstaðan varð sú að Samtök iðnaðarins, Rannsóknastofnanir iðnaðarins, Tæknifræðingafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands stofnuðu 20. desember sl. „Undirbúningsfélag“

til að leita samninga við menntamálaráðuneytið um rekstur Tækniskóla Íslands í þeim tilgangi að þróa hann á háskólastigi. Undirbúningsfélagið stefnir að því að ljúka samningum við ráðuneytið sem fyrst svo að hefja megi kennslu samkvæmt nýju skipulagi næsta haust.

SAMSTARF UM AÐ EFLA VERK- OG TÆKNIMENNTUN

Samtök iðnaðarins hafa áhuga á að efla verk- og tæknimenntun hér á landi. Fjölga þarf þeim sem ljúka háskólanámi í verk- og tæknigreinum svo að íslenskt atvinnulíf fái tækifæri til að stunda samkeppni á tæknisviði. Afskipti SI af málefnum Tækniskólans eru aðeins hluti af þessu verkefni. Upplýsa þarf ungt fólk um tækifæri sem bjóðast í verk- og tæknimenntun og þau störf sem menntunin leiðir til. Breyta þarf viðhorfi í þjóðfélaginu til verk- og tæknimenntunar, en ekki síst í grunn- og framhaldsskólum. Samtök iðnaðarins gera sér vonir um víðtækt samstarf ólíkra aðila til að breyta ímynd verk- og tæknimenntunar og auka sókn ungs fólks í þessar greinar.

LEONARDÓ II

Starfsmenntaáætlun ESB, Leonardó II, hefur formlega starfsemi sína á þessu ári og verður rekin til 2006. Eins og nafnið bendir til tekur hún við af Leonardó I sem rekin var 1995-1999. Samtök iðnaðarins hafa lagt mikla áherslu á að Leonardóáætlunin, bæði sú eldri og yngri, þjóni hagsmunum fyrirtækja og starfsfólks. Mikilvægt er að verkefnið sé unnin á forsendum fyrirtækjanna og að aukin samkeppnishæfni og framleiðni séu hafðar að leiðarljósi.

Rannsóknþjónusta HÍ sá um rekstur sérstakrar Landsskrifstofu



Leonardó I hér á landi. Búist er við að menntamálaráðuneytið semji við Rannsóknþjónustuna um að reka Landsskrifstofu Leonardó II en jafnframt semji ráðuneytið við MENNT – Samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla um að reka tiltekna verkefnaflokka Leonardó II. Samtök iðnaðarins hafa tekið virkan þátt í stjórnun Leonardó I hér á landi auk þess sem fulltrúi SI hefur setið í stjórnarnefnd Leonardó I í Brussel fyrir VSÍ/ SA. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi atvinnurekendasmatakanna í Leonardó II.

ENDUR- OG SÍMENNTUNARSTOFNANIR IÐNAÐARINS

Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðsluráð málmiðnaðarins og Prenttæknistofnun hafa dafnað á sl. ári. Auk þess að reka símenntastarf hafa þessi félög öll gert þjónustusamninga við menntamálaráðuneytið um námssamninga og sveinspróf. Aukin umsvif hafa kallað á fleira starfsfólk og aukið húsrými. Af þessum sökum hefur húsnæði Félags- og fræðslumiðstöðvarinnar verið stækkað um 150m² og hefur nú öll vesturálma fyrstu hæðar Hallveigarstígs 1 verið tekin undir starfsemi hennar.

MENNTAMÁL FÁMENNRA IÐNGREINA

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár tekið þátt í evrópsku samstarfi um málefni fámennra iðngreina. Ásamt norskum, dönskum, finnskum, írskum, spænskum og þýskum systursamtökum hafa SI tekið þátt í verkefni, styrktu af Leonardóáætluninni, um samstarf fá-



mennta iðngreina í Evrópu um námskrárgerð og námsfyrirkomulag. Fulltrúar fjögurra iðngreina hér á landi (fiðlusmíði, söðlasmíði, gullsmíði, fatasaums) sóttu af þessu tilefni fund í Köln sl. sumar.



MENNT



MENNT, Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, hefur starfað í rúmum árum. Meðal markmiða MENNTAR er að stuðla að öflugum atvinnulífi þar sem framsýni, þróun og aðlögunarhæfni eru sett í öndvegi með menntun við hæfi. MENNT hefur tekið að sér tiltekin verkefni í samræmi við þennan tilgang. Eitt stærsta einstaka verkefnið, sem MENNT vann á sl. ári, var að halda Dag símenntunar um allt land. Al-

mennt er talið að verkefnið hafi tekið framfarir vonum. MENNT verður í forystu fyrir CEDEFOP (Rannsókn- og upplýsingastofnun Evrópu í starfsmenntamálum) hér á landi. MENNT mun vinna tiltekna verkefnaflokka í ESB-áætluninni Leonardó II. Annar fulltrúi SA í stjórn MENNTAR kemur frá SI.

STARFSMENNTARÁÐ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIS

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun frá 1992. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka en þeir síðasttöldu eru allir skipaðir af SA. Annar fulltrúi SA kemur frá SI. Tilgangur starfsmenntaráðs er að efla starfsmenntun í atvinnulífinu, m.a. með því að styrkja fjárhagslega verkefni

á þessu sviði. Starfsmenntaráð endurmat stöðu sína á sl. ári og hefur lagt fram nýja stefnu undir heitinu Starfsmennt 2000. Markmið hennar er að koma betur til móts við breytilegar þarfir fyrirtækja og starfsfólks um endur- og símenntun.

MENNTAHÓPUR SA

Við stofnun SA var tekin sú ákvörðun að SA ynni að almennri stefnumótun í menntamálum atvinnurekenda. Í þessu skyni hafa SA stofnað sérstakan menntahóp sem skipaður er aðilum úr atvinnulífinu. Tilgangur hópsins er að greina sameiginlega meginmarkmið aðildarsamtaka SA í menntamálum, leggja drög að menntastefnu SA og vinna að framgangi einstakra mála.

ALMENN LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Allir félagsmenn SI geta leitað lögfræðilegrar ráðgjafar og skiptir þá engu hvers eðlis málið er svo framfarlega sem það tengist starfsemi viðkomandi. Ef ekki er unnt að svara álitafnum samstundis er aflað upplýsinga um þau eða viðkomandi beint til þeirra sem veitt geta svör.

Spurningum, sem varða flókin álitafni varðandi réttindi og skyldur vegna uppsagnar starfsmanna eða ráðningar þeirra, er þó gjarnan vísað til Samtaka atvinnulífsins enda er það í samræmi við verkaskiptingu að þau samtök sjái fyrst og fremst um slík mál.

Nokkuð var um vandamál vegna

útboðsmála á sl. ári og má segja að dómur hæstaréttar, sem féll síðari hluta ársins í einu slíku máli, hafi breytt stöðu verktaka talsvert. Í þeim dómi var viðurkenndur réttur manna til bóta m.a. vegna missis hagnaðar ef lög um framkvæmd útboða eru brotin. Kæmi ekki á óvart þótt kröfum um slíkar bætur fjölgæði talsvert en hafa verður í huga að sönnunarfærsla getur í besta falli reynst erfið en í versta falli nánast ómöguleg.

Í framhaldi af þessu er rétt að geta þess að SI sendu lögfræðing sinn í námsvist til Eftirlitsstofnunar EFTA í þrjú mánuði til að fylgjast með hvernig fer um kærur vegna brota á

EES tilskipunum varðandi opinber útboð á EES svæðinu. Var það mjög fróðlegt og er vonandi að sú þekking sem þar fékkst, nýtist félagsmönnum SI þegar fram líða stundir.

Að gefnu tilefni er rétt að benda félagsmönnum á að nauðsynlegt er að þeir samningar, sem gerðir eru hvort sem um er að ræða verk-samninga eða ráðningarsamninga, séu skriflegir. Það auðveldar alla sönnunarfærslu og kemur í veg fyrir að menn deili a.m.k. um aðalefni samnings eftir á.

ORKUMÁL - EFNAIÐNAÐUR

RAFORKUMARKAÐURINN

Samtökin gáfu umsögn um frumvarp til raforkulaga sem kynnt var á síðasta ári og gerir ráð fyrir tilteknum formbreytingum í raforkusölu og möguleika á samkeppni.

Í umsögninni kom fram að Samtökin hafa lengi barist fyrir lægra orkuverði fyrir iðnað á Íslandi og bent á nauðsyn þess að markaðslögmál gildi í viðskiptum með raforku. Þessum áfanga bæri því að fagna þó að það virtist sem ekki hefði verið gengið til verks með það markmið í huga að nýta til fulls kosti frjálsrar samkeppni og ná fram aukinni hagkvæmni og lægra orkuverði. Aðalatriði málsins væri aukin hagkvæmni sem leiðir til lægra raforkuverðs.

Raforkusölu má skipta í tvennt, annars vegar til stóriðju og hins vegar á almennan markað til smárra fyrirtækja og heimila. Sala á raforku til stóriðju hér á landi hefur verið í alþjóðlegri samkeppni en kaupendur á almenna markaðinum hafa hins vegar ekki átt neitt val um af hverjum þeir kaupa raforku. Í ljósi þessa óskaði stjórn SI eftir að skoðað yrði hvort ekki væri rétt að skilja alfarið milli stóriðjumarkaðarins og almenna markaðarins. Landsvirkjun, sem er með um 93%

af raforkuvinnslunni, myndi þar með snúa sér nánast alfarið að stóriðjumarkaðinum og seldi öðrum orkufyrirtækjum einhverjar af smærri virkjununum. Með slíkum aðskilnaði á þessum tveimur mörkuðum á að vera tryggt að kostnaður vegna nýrra stórvirkjana og sölu á raforku til stóriðju hafi ekki áhrif á almenna raforkumarkaðinn. Ef Landsvirkjun fær þetta hlutverk verður ekki hætt sölu á raforku frá fyrirtækinu á almenna markaðinum heldur aðeins girt fyrir að kostnaður sé færður á milli. Aðrir raforkuframleiðendur taka þátt í samkeppni um raforkusölu á almenna markaðinum eða snúa sér að stóriðjumarkaðinum með sömu forsendum um kostnaðarlegan aðskilnað í rekstri vegna sölu á þeim markaði.

ÍSKEM

Á vegum Ískem ehf., sem stofnað var 1994, er verið að athuga ný tækifæri í efnaiðnaði. Stofnendur Ískem voru nokkrir innlendir aðilar og Technology International Exchange Inc (TIE). TIE er bandarískt tækniþróunarfyrirtæki á sviði efnaiðnaðar. Tilgangur með stofnun Ískem var að auka innlenda og er-

lenda fjárfestingu í iðnaði sem nýtir innlenda orku.

Eitt af verkefnum, sem er til athugunar, er framleiðsla á polyol úr sykri eða sterkju. Iðnaðarráðuneytið og Nýsköpunarsjóður styrktu úttekt á slíkri framleiðslu hér á landi og vinnu með nokkrum fyrirtækjum í Evrópu sem hafa sýnt áhuga á málinu. Úttektin sýndi að hagkvæmt er að reka slíka verksmiðju hér á landi enda þarf mikla gufuorku til framleiðslunnar.

Í ársbyrjun fór iðnaðarráðherra fyrir hópi til Suður-Afríku þar sem m.a. var rætt við aðila sem þá voru að taka í notkun tilraunaverksmiðju sem framleiðir polyol úr mólassa með ofangreindum aðferðum. Þar var rætt um mögulegt samstarf varðandi tækni- og hráefni. Í kjölfarið var ákveðið að senda tvo nýútskrifaða námsmenn frá Háskóla Íslands, annan úr vélaverkfræði en hinn úr efnafræði, til starfa við tilraunaverksmiðjuna. Hlutverk þeirra var að kynna best aðferðunum, einkum þeim þáttum sem sneru að íslenskum aðstæðum t.d. gufunotkun, auk þess að treysta samband okkar við verkefnið. Nýsköpunarsjóður íslenskra námsmanna styrkti ferð námsmannanna.


UMHVERFISMÁL

MEÐFERÐ SPILLIEFNA

Árið 1997 voru sett lög um spilliefnagjald. Tilgangur þeirra er að hvetja til bættra skila á spilliefnum. Þau kveða á um að við innflutning á vörum og efnum, sem geta endað sem spilliefni, verði lagt gjald sem á að nægja til að mæta kostnaði við söfnun, flutning, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu þeirra. Auk þess er lagt gjald á innlenda fram-

leiðslu sem fellur undir löginn. Hér er um rammalöggjöf að ræða en ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laganna með reglugerðum sem hann setur samkvæmt tillögum spilliefnanefndar. Atvinnurekendur eiga þrjá fulltrúa af sjö í nefndinni.

Spilliefnanefnd hélt ársfund á síðasta ári þar sem gefið var yfirlit yfir starfsemina á árinu. Þar kom m.a. fram að spilliefni hér á landi eru um





102 kg á hverja fjögurra manna fjölskyldu og kostnaðurinn við að farga þeim um 1.800 krónur.

Á árinu var lokið við að leggja á alla vörflokka. Verkefni næsta árs verður að endurskoða kerfið en ýmislegt þarf að laga þar sem ekki voru í upphafi til traustar forsendur til að byggja á.

Í skýrslu nefndarinnar um reksturinn á síðasta ári er að finna ýtarlegar upplýsingar um spilliefnagjaldskerfið og tölfræðilegar upplýsingar um skiptingu spilliefna.

UMBÚÐIR OG UMBÚÐAÚRGANGUR

Tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, tók gildi í september 1994 og um mitt ár 1997 varð hún hluti af íslenskum lögum. Tilskipunin tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað og

alls umbúðaúrgangs óháð umbúðaefnum. Markmið tilskipunarinnar er að samhæfa ráðstafanir varðandi meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið. Gert er ráð fyrir að fyrir mitt ár 2001 verði 50-65% af umbúðaúrgangi endurnýttur, 25-45% af úrganginum verði endurunnin og minnst 15% af hinum einstöku umbúðaefnum. Tilskipunin skilgreinir ekki með hvaða hætti einstök ríki innan svæðisins eigi að ná markmiðunum. Fyrir liggur fyrsta mat á magni umbúða og umbúðaúrgangs og hversu mikið af hinum einstöku umbúðaefnum sé endurnnið og endurnýtt.

Unnið er að nákvæmri greiningu á umbúðamagninu og undirbúningi að fyrstu tillögum um það kerfi sem sett verður upp.

NORRÆNA UMHVERFIS-MERKIÐ HVÍTI SVANURINN

Norræna umhverfismerkið er sameiginlegt umhverfismerki Norð-

urlanda. Framleiðendur geta auðkennt vörur með merkinu ef þær uppfylla sett skilyrði um að draga úr mengun við framleiðslu, notkun og förgun. Merkið er hvítur svanur á grænum fleti og byggist á merki norrænu ráðherranefndarinnar

Fyrirtækið Frigg hf. var fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá merkið á vöru hjá sér á þvottaefnið Marabon milt.

Nokkuð vantar enn á að innlendir neytendur þekki merkið og leggi sig eftir að kaupa vörur merktar því enda tiltölulega lítið úrval af merktum vörum á boðstólum fyrir íslenska neytendur.

Á Norðurlöndum er mikill áhugi á Norræna umhverfismerkinu fyrir prentað efni og hefur prentsmiðjum með merkið fjölgað verulega og bið er eftir að fá vottun. Nokkrar prentsmiðjur eru að kanna málið hér á landi en prentsmiðjan Hjá Guðjóni Ó fékk merkið fyrr í þessum mánuði.

HELSTU FUNDIR SAMTAKA IÐNAÐARINS

IÐNÞING '99

Á Iðnþingi hinn 26. febrúar 1999 var Haraldur Sumarliðason endurkjörinn formaður með 93,5% atkvæða. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosnir þeir Eiður Haraldsson, Háfelli hf., Geir A. Gunnlaugsson, Marel hf., Helgi Magnússon, Hörpu hf. og Örn Jóhannsson, Morgunblaðið/Árvakur hf. Samtals voru gild atkvæði til stjórnarkjörs 46.339 en þar af voru greidd atkvæði 38.907. Kosningaþátttaka reyndist því vera 83,96% sem teljast verður allgóð í svo stórum samtökum. Stjórn Samtaka iðnaðarins var því þannig skipuð frá Iðnþingi 1999: Formaður Haraldur Sumarliðason, Ágúst Einarsson, Eiður Haraldsson, Friðrik Andrússon, Geir A. Gunnlaugsson, Helgi Magnússon, Vilmundur Jósefsson og Örn Jóhannsson.

Á fyrsta fundi eftir Iðnþing skipti nýkjörin stjórn með sér verkum. Örn Jóhannsson var endurkjörinn varaformaður og Geir A. Gunnlaugsson ritari. Ágúst Einarsson sagði sig úr stjórn Samtakanna á árinu og kom Jón Albert Kristinsson, Myllan-Brauð hf., í hans stað skv. 9. kafla laga SI.

Frá Iðnþingi 1999 hefur stjórnin haldið 16 fundi.

FÉLAGS-, FORMANNA-, BLAÐAMANNA- OG RÁÐGJAFARÁÐSFUNDIR

Frá síðasta Iðnþingi hafa verið haldnir tveir fundir í ráðgjafaráði Samtakanna.

Fundur 6. maí. Eitt mál var á dagskrá fundarins, skipulagsmál nýrra heildarsamtaka atvinnurekenda, SA. Að frumkvæði SI fóru fram umræður um skipulagsmál samtaka atvinnurekenda en þátt í þeim tóku fulltrúar allra helstu samtaka í landinu ásamt fulltrúum beinna aðila að

VSÍ. Á fundinum voru lögð fram drög að framtíðarskipulagi samtaka atvinnurekenda. Frummælandi, Sveinn Hannesson, gerði grein fyrir skipulagi, árgjaldi, hugmyndum um stjórnarkjör, starfshætti svo og hlutverk hinna nýju samtaka.

Hinn 6. maí var í fyrsta sinn boðað til sérstaks fundar með formönnum og framkvæmdastjórum iðngreinafélaga innan SI. Á fundinum var greint frá helstu þáttum í starfsemi Samtakanna og vefsíða SI kynnt. Jafnframt var sagt frá umræðum um stofnun nýrra heildarsamtaka atvinnurekenda. Guðni Andreassen, formaður LABAK og Theódór Blöndal, formaður Málms, greindu frá reynslu sinni af samningum við SI um rekstur aðildarfélaganna sinna. Ólafur Helgi Árnason lögræðingur SI fjallaði um iðnlöggjöfina. Eyjólfur Bjarnason og Ingólfur Sverrisson sýndu nýja kostnaðarlíkanið TAXTA sem Samtökin hafa látið gera.

Hinn 6. október var haldinn opin félagfundur undir yfirskriftinni Á að virkja á Austurlandi? Tílfni fundarins var það að Samtök iðnaðarins vildu efna til málefnalegrar og yfirvegaðrar umræðu um þetta mikla deilumál. Framsögumenn voru fjórir: Einar Rafn Haraldsson, formaður Afls fyrir Austurland, Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, náttúrufræðingur hjá Náttúrufræðistofnun og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Að loknum framsöguerindum voru umræður og fyrirspurnir. Fundurinn var fjölsóttur og tókst í alla staði vel þótt ekki tækist að sætta ólík sjónarmið enda ekki tilgangur fundarins.


Hinn 8. desember var haldinn sameiginlegur fundur Ráðgjafaráðs og formanna iðngreinafélaga Tvö mál

voru á dagskrá fundarins. Fyrst fjölluðu Ingólfur Bender og Sveinn Hannesson um stöðuna í efnahagsmálum, afkomu iðnaðarins og horfur í komandi kjarasamningum. Þá fjallaði Haraldur Sumarliðason um verk- og tæknimenntun hér á landi. Greindi hann frá þeirri umræðu sem farið hefur fram að SI beiti sér fyrir stofnun tækniháskóla og yfirtöku á rekstri Tækniskóla Íslands.

Bl a ð a m a n n a - fundir

Blaðamannafundir á árinu hafa tekist vel og mál þau, sem Samtökin hafa lagt áherslu á, fengið góða umfjöllun. Nægir þar að nefna blaðamannafund sem Samtök iðnaðarins boðuðu síðast til, 11. janúar sl.

undir yfirskriftinni „Þenslan ryður iðnaði úr landi.“ Fundurinn var mjög vel sóttur og ýtarlega var um efni hans fjallað. Greinar komu í öllum helstu fréttablöðum og fréttavefjum ásamt því að fjallað var um efni fundarins í ýmsum umræðuþáttum bæði hljóðvarps og sjónvarps. Afstaða Samtakanna hefur því fengið góða kynningu



STARFSMANNNAHALD

Starfsmenn SI eru nú 22. Haraldur Dean Nelson hóf störf hjá Samtökunum hinn 1. febrúar 1999. Hann sér um vefsíðu SI ásamt því að sinna tölvu- og netmálum Samtakanna. Jafnframt annst hann ýmis samskipti við fjölmiðla.

Ólafur R. Eggertsson verkefnisstjóri lét af störfum hjá Samtökunum sl. sumar. Ólafur færði sig um set í iðnaðinum og keypti KK Blikksmiðjuna ehf. og er því orðinn einn af félagsmönnum SI. Ólafi eru þökkun góð störf í þágu SI. Við

starfi Ólafs tók Ferdinand Hansen og hóf hann störf 1. október sem verkefnisstjóri við að innleiða gæðastjórnunarkerfi SI í byggingar- og verktakaiðnaði.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGASTARF

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Samtök iðnaðarins gefa út mánaðarlegt fréttabréf, Íslenskan iðnað, sem flytur helstu fréttir úr iðnaðinum. Íslenskur iðnaður er ýmist 8 eða 12 bls. að stærð og því takmarkað hvaða upplýsingum er unnt að koma þar á framfæri. Fréttaukar eru gefnir út um málefni einstakra starfsgreina þegar ástæða er til. Ýmiss konar kynningarefni er auk þess gefið út um einstök átaksverkefni Samtakanna.

TAXTI

Á árinu gáfu Samtök iðnaðarins úr tölvuforritið Taxta – kostnaðarlíkan. Forritið er ætlað fyrirtækjum til að reikna út útseldan tíma starfsmanna og tækja. Taxti var unninn í samvinnu Samtakanna, Bílgreinasambandsins og Ráðgarðs sem annaðist framkvæmdina. Viðbrögð við Taxta hafa verið góð og strax eru komnar fram ábendingar um hvað mætti taka inn við áframhaldandi þróun í næstu útgáfu.

WWW.SI.IS

Upplýsingamiðlun á vef SI hefur vaxið mikið og Samtökin hafa lagt áherslu á að þróa vefinn. Heimsóknir á upplýsingavefinn hafa stóraukist. Á síðasta ári hundruðfölduðust þær. Greinilegt er að stóru fjölmiðlavefirnir fylgjast vel með www.si.is og er það vel. Nýir fréttamolar, sem varða rekstrarumhverfi í iðnaði, nýjungar í iðnaði og afskipti Samtakanna af málum sem varða iðnaðinn í heild eða hluta, birtast nær daglega og áform eru um tilteknar breytingar sem gera félagsmönnum enn auðveldara að nálgast upplýsingar á vefnum en til þessa.

Ástæða er til að benda félagsmönnum í Samtökunum á að fylgjast vel með www.si.is.

WWW.IDNADUR.IS

Á árinu hafa SI ásamt iðnaðarráðuneytinu unnið að gerð upplýsingavefjar um iðnað fyrir ungt fólk (www.idnadur.is) en þeim vef er ætlað gera ungu fólki auðvelt og

skemmtilegt að fræðast um iðnaðinn og þá möguleika sem hann gefur til framtíðarstarfa. Vefsíðan er sett upp til þess að ná til ungs fólks og almennings og þar með er farið inn á nýjar brautir við að tengja saman iðnaðinn, unga fólk, fyrirtækin, skólana og almenning í landinu til að auka skilning á því að kröftugur og arðsamur iðnaður verði í framtíðinni undirstaða nýrra starfa, góðra lífskjara og velferðar.

MARGMIÐLUNARDISKUR SI

Þá hafa Samtök iðnaðarins látið framleiða kynningu á starfsemi sinni í margmiðlunarformi. Um er að ræða geisladisk sem geymir efni um nokkur verkefni sem unnin hafa verið hjá SI að undanfögnu. Þessi verkefni eru kynnt á geisladiskinum:

- Kostnaðarlíkanið TAXTI
- Gæðastjórnunarnámskeið SI
- VIKING verkefnið
- UT-vefur (upplýsingatæknivefur) SI
- Vefurinn idnadur.is

NÝIR FÉLAGSMENN Í SI

Ako/Plastos hf.
Arnarfell ehf.
Áburðarverksmiðjan hf.
Brauðberg ehf.
Bústólpi ehf.
Efnamóttakan hf.

Akureyri
Akureyri
Reykjavík
Reykjavík
Akureyri
Reykjavík

Efnaverksmiðjan Sjöfn hf.
Heimabakarí ehf.
Ísafll ehf.
Jarðboranir hf.
Járn og Blikk ehf.
Júmbó matvælaíðja hf.

Akureyri
Húsavík
Reykjavík
Reykjavík
Kópavogur
Kópavogi

Keflavíkurverktakar hf.	Keflavíkurflugvelli	Mjólkursamlag Kf. Skagfirðinga	Sauðárkróki
Krútt brauðgerð ehf.	Blönduósi	Mjólkursamlag Vopnfirðinga hf.	Vopnafirði
Meistarafélag í hárgreiðslu	Reykjavík	Mjólkursamlagið í Búðardal	Búðardal
Nýtt Framtak ehf.	Reykjavík	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Reykjavík
Osta- og smjörsalan ehf.	Reykjavík	MSKP ehf.	Húsavík
Prentmet ehf.	Reykjavík		
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði		Sindra-Stál hf.	Reykjavík
Mjólkurbú Flóamanna	Selfossi	Skaginn hf.	Akranesi
Mjólkursamlag Húnavetninga	Blönduósi	Thermo plus Europe á Íslandi hf.	Njarðvík
Mjólkursamlag Ísafirðinga	Ísafirði	Vélsmiðja Agnars ehf.	Stykkishólmi
Mjólkursamlag K.H.B.	Egilsstöðum	Vélsmiðja KÁ hf.	Selfossi
Mjólkursamlag Kf. V/Húnavetn.	Hvammstanga	Vélsmiðjan Normi hf.	Garðabæ
Mjólkursamlag KEA	Akureyri	Vélsm. Sigurðar V. Gunnarssonar	Reykjavík

SKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS Á NORÐURLANDI

Samtök iðnaðarins og SA hafa nú um nokkurra ára skeið staðið sameiginlega að rekstri skrifstofu á Norðurlandi. Samtökin vilja með þeim hætti auka og bæta þjónustu við fyrirtæki innan sinna vébanda á landsbyggðinni og tryggja eins vel og kostur er að þau sitji við sama borð og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Segja má að verkefni þjónustuskrifstofu eins og Skrifstofu atvinnulífsins séu svipuð frá ári til árs þó að auðvitað fari álagið dálítið eftir stöðunni á vinnumarkaði og því hvort kjarasamningar eru lausir eða ekki en flokka má starfsemina gróflga í þrjú svið:

- * Efla samstöðu og samvinnu atvinnurekenda.
- * Koma fram fyrir hönd atvinnurekenda og tala þeirra máli
- * Vinna að ýmsum tilfallandi verkefnum fyrir einstaka félagsmenn og samtök þeirra.

Á sl. ári eins og endranær hafa flestar fyrirsurnir, sem beint er til skrifstofunnar, verið á sviði kjaramála, verksamninga og útboðsmála og þá einna helst um réttarstöðu


fyrirtækjanna. Þá hefur skrifstofan reynt að beita sér fyrir auknu framboði á endur- og símenntun á Norðurlandi.

Stigið var stórt skerf til aukinnar og bættrar þjónustu við atvinnurekendur sl. haust með stofnun SA. Það er ánægjulegt að með þeirri breytingu fjölgar nokkuð norðlenskum fyrirtækjum innan vébanda Samtaka atvinnurekenda og þar með þeim sem geta nýtt sér þjónustu skrifstofunnar á Norðurlandi.

Samtök iðnaðarins könnuðu sl. haust hvert viðhorf félagsmanna þeirra væri til reksturs skrifstofunnar. Könnunin var liður í því að endurmeta stöðu Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi. Niðurstaðan varð sú að mikill meirihluti félagsmanna vildi að rekstur yrði áfram með svipuðu sniði og áður en þátttaka hefði þó þurft að vera meiri. Í framhaldi þar af hefur verið ákveðið að SI og SA standi áfram saman að rekstri skrifstofunnar.

Í heimi örra breytinga þarf starfsemi þjónustuskrifstofu að vera í stöðugri þróun og endurskoðun. Það er alls óvíst að sú þjónusta, sem

helst er kallað eftir í ár, verði efst á óskalista fyrirtækjanna á því næsta. Skrifstofan er til fyrir félagsmenn og því er ástæða til að hvetja alla félagsmenn SI og SA á Norðurlandi til að nýta sér þjónustu hennar. Þar sem starfsmaðurinn er aðeins einn fer ekki hjá því að komið getur fyrir að gripid sé í tómt en þá taka ágætir ritarar hússins við skilaboðum sem svo er svarað eins fljótt og kostur er.



Árni Jóhannsson
Jarðvinnuverkt., trjávruiðnaður,
húsgagna- og húshlutaframl.
arni@si.is



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa atvinnulífsins
á Norðurlandi
san@nett.is



Brynjar Ragnarsson
markaðsstjóri
brynjar@si.is



Dagmar Elín Sigurðardóttir
bókari
dagmar@si.is



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður
Þjónusta, þróun og starfsgreinar
david@si.is



Eyjólfur Bjarnason
Byggingariðnaður
eyjolfur@si.is



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri
Gæðakerfi í byggingariðnaði
ferdinand@si.is



Guðmundur Ásmundsson
Upplýsingatækni
gudmundur@si.is



Haraldur D. Nelson
upplýsingastjóri,
nelson@si.is



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri
Álagning félagsgjalda
hulda@si.is



Ingi Bogi Bogason
Menntamál
ingi.bogi@si.is



Ingólfur Bender
hagfræðingur
Starfsskilyrði iðnaðar
ingo@si.is



Ingólfur Sverrisson
Málmiðnaður
ingolfur@si.is



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Alþjóðlegt samstarf
jon@si.is



María Hallbjörnsdóttir
Félagatal, afgreiðsla
mottaka@si.is



Ólafur Helgi Árnason
lögfræðingur
Samkeppnis- og ágreiningsmál,
þjónustuiðnaður
olafurh@si.is



Ólafur Kjartansson
Orku og umhverfismál, fata-, vefja-
og veiðarfæraíðn., plastiðnaður
olafur@si.is



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og fóduriðnaður,
efnaiðnaður
ragnheidur@si.is



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri
Yfirstjórn, fjármál,
félagatengsl, stóriðja
sveinn@si.is



Þóra Guðmundsdóttir
Sínavarsla, afgreiðsla
thorag@si.is



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf, önnur útgáfumál
thora@si.is



Þórarinn Gunnarsson
skrifstofustjóri
Fjármál og áætlanir, prentiðnaður
thorarinn@si.is

Lifandi fréttavefur

www.si.is

FULLTRÚAR SAMTAKA IÐNAÐARINS Í STJÓRNUM OG NEFNDUM

Aukefnanefnd
Aðskotaefnanefnd
Bókasamband Íslands
EAN á Íslandi
ESB - Lítill og meðalstór fyrirtæki í matvælaíðnaði
Fræðsluráð málmíðnaðarins

Fræðslusjóður bókgæðarmanna
Fulltrúaráð Landverndar
Fulltrúaráð Lagnakerfamiðstöðvar Íslands
Gæðaráð byggingariðnaðarins
Húsfélag iðnaðarins
ICEPRO
Iðntæknistofnun Íslands
Kjararannsóknarnefnd
Lagnakerfamiðstöð
Lífeyrissjóður Framsýn
Lífeyrissjóður verslunarmanna
Málmgæður
Menntafélag byggingariðnaðarins
MIDAS - upplýsingastofa
Nefnd um endurskoðun samkeppnislaga
Nefnd um meðferð brotamálma
Nefnd um opinber innkaup
Northern Software Alliance
Nýsköpunarsjóður
Nýsköpunarsjóður námsmanna
Prenttæknistofnun
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samráðshópur um framkvæmd stefnu upplýsingasamfélagsins
Samráðshópur Sorpu og atvinnulífsins
Samráðshópur um áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt atvinnulíf
Samstarf um nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
Samstarfsnefnd um opinber innkaup
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi
Samstarfsráð útboðsbankans Útboða
Samstarfsv. iðnaðar og sjávarútvegs
Samstarfsv. ísl.tölvu- og fjarskiptanotenda
Samtök atvinnulífsins

Siglingamálaráð
Skólanefnd Borgarholtsskóla
Skólanefnd Fjölbrotaskólans í Breiðholti
Skólanefnd Tækniskóla Íslands
Spilliefnanefnd
Staðlaráð Íslands STRÍ
STRÍ Byggingastaðlaráð
STRÍ - fagráð í upplýsingatækni
STRÍ - fagstjórn í gæðamálum
STRÍ - fagstjórn í véltækni
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkfólk
Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagerð
Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina
Starfsh. um starfsþjálfun iðnnema
Starfsmenntaráð
Stjórn Lagnakerfamiðstöðvar Íslands
Stjórnarnefnd Leonardó
Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Umhverfismerksráð
Útflutningsráð Íslands
VIKING samstarfsverkefnið
Vottunarstjórn RB
Verðlaunasjóður iðnaðarins
Vottun hf.
Öryggisnefnd í prentiðnaði

Ragnheiður Héðinsdóttir
Ragnheiður Héðinsdóttir
Þórarinn Gunnarsson
Ólafur Kjartansson
Ragnheiður Héðinsdóttir
Bjarni Thoroddsen, Bjargmundur Björgvinsson
Guðmundur Gunnarsson, Magnús Aadnegaard
Þórarinn Gunnarsson
Ágúst Valfells
Gísli Gunnlaugsson, Eyjólfur Bjarnason
Eyjólfur Bjarnason
Sveinn Hannesson, Sigurður Kristinsson
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson, Bjarni Thoroddsen
Þórarinn Gunnarsson
Eyjólfur Bjarnason
Helgi Magnússon
Vígundur Þorsteinsson
Ingólfur Sverrisson, Þorvaldur Hallgrímsson
Tryggvi Jakobsson, Ingi Bogi Bogason, Grétar Halldórsson, Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Jón Steindór Valdimarsson
Ólafur Kjartansson
Ólafur Helgi Árnason
Guðmundur Ásmundsson
Örn Jóhannsson
Guðmundur Ásmundsson, Ragnheiður Héðinsdóttir
Guðmundur Kristjánsson, Guðbrandur Magnússon
Friðrik Andrésson, Sigurður R. Helgason
Hallgrímur Gunnarsson, Örn Kjærnested, Steindór Hálfánarson
Guðmundur Ásmundsson
Ólafur Kjartansson

Ingólfur Bender
Guðmundur Ásmundsson
Árni Jóhannsson
Guðbrandur Magnússon, Ingi Bogi Bogason
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson, Ingólfur Sverrisson
Guðmundur Ásmundsson
Eiríkur S. Jóhannsson, Rannveig Rist, Sigurður R. Helgason, Stefán Friðfinnsson, Sveinn Hannesson, Vilmundur Jósefsson, Þorgeir Baldursson
Steinar Viggósson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Bjarni Thoroddsen
Ólafur Kjartansson
Davíð Lúðvíksson
Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson
Ingólfur Sverrisson
Ólafur Helgi Árnason
Tryggvi Jakobsson, Grétar Halldórsson, Ingi Bogi Bogason, Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Guðbrandur Magnússon
Ingi Bogi Bogason
Eyjólfur Bjarnason
Ingi Bogi Bogason
Ragnheiður Héðinsdóttir
Ólafur Kjartansson
Páll Sigurjónsson, Pétur Guðjónsson, Vilmundur Jósefsson
Guðmundur Ásmundsson
Eyjólfur Bjarnason
Haraldur Sumarliðason, Davíð Lúðvíksson
Davíð Lúðvíksson
Örn Jóhannsson, Steindór Hálfánarson

HELSTU LÖG SEM SAMÞYKKT VORU Á ALÞINGI 1999 SEM VARÐA IÐNAÐINN

- 4/1999 Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald með síðari breytingum.
- 5/1999 Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.
- 18/1999 Auglýsing um hafnaáætlun 1999 – 2002
- 27/1999 Lög um opinberar eftirlitsreglur.
- 29/1999 Lög um breytingu á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaða.
- 31/1999 Lög um alþjóðleg viðskiptafélög.
- 32/1999 Lög um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.
- 33/1999 Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.
- 34/1999 Lög um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.
- 35/1999 Lög um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.
- 37/1999 Lög um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.
- 38/1999 Lög um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti.
- 40/1999 Lög um Háskólann á Akureyri.
- 41/1999 Lög um Háskóla Íslands.
- 44/1999 Lög um náttúruvernd.
- 47/1999 Lög um breytingu á lögum nr. 137/1998, um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.
- 48/1999 Lög um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.
- 49/1999 Lög um orkusjóð.
- 50/1999 Lög um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.
- 58/1999 Lög um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.
- 59/1999 Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.
- 60/1999 Lög um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.
- 84/1999 Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.
- 101/1999 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
- 102/1999 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.
- 107/1999 Lög um fjarskipti.
- 108/1999 Lög um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.
- 117/1999 Lög um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.
- 124/1999 Fjárlög fyrir árið 2000.
- 127/1999 Lög um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.
- 129/1999 Fjáráukalög fyrir árið 1999.
- 133/1999 Lög um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu SI www.si.is

